ÁRSSKÝRSLA
GRÓTTU 2022

Skýrsla aðalstjórnar Gróttu

Efnisyfirlit

Skýrsla aðalstjórnar Gróttu 3

Skýrsla fimleikadeildar Gróttu 18

Skýrsla handknattleiksdeildar Gróttu 32

Skýrsla knattspyrnudeildar Gróttu 42

Heiðursmerki Gróttu 56

Íþróttafólk ársins 63

Lög félagsins 66

Ársreikningar 75

Stöðutöflur og nánari upplýsingar má finna á www.grotta.is

Skýrsla
aðalstjórnar
Gróttu

Þröstur Þór Guðmundsson, formaður

Ávarp formanns

Frá því Garðar Guðmundsson stofnaði Íþróttafélagið Gróttu árið 1967 hefur félagið verið hjarta Seltjarnarness. Þó það skapist oft líflegar umræður í heitum pottum sundlaugarinnar þá er undirritaður sannfærður um að þær samkomur fölni í samanburði við samveru foreldra í tengslum við íþróttamót og æfingar barna sinna. Það er fátt sem hristir betur saman hóp miðaldra fólks en að deila regnhlíf á hliðarlínu knattspyrnuvallar, ósofin eftir að hafa gist á gólfi skólastofu með liðinu. Við sem erum sjálfboðaliðar í Gróttu erum foreldrar barna sem stunda íþróttir hjá félaginu og má því segja að Grótta sé í grunninn skemmtilegasta foreldrafélag bæjarins.

Samfélagið á Nesinu hefur mótað Gróttu með það fyrir sjónum að börnin í bænum hafi öruggt athvarf á uppvaxtarárum sínum þar sem þau eignast vini og stunda íþróttir. Við hjá Gróttu trúum því að íþróttastarf hafi mikið forvarnagildi gegn þunglyndi og vímuefnaneyslu og viljum við byggja upp íþróttastarf þar sem iðkendur öðlast sjálfstraust og félagslega færni. Þannig undirbúum við unga fólkið okkar undir áskoranir framtíðarinnar. Aukaafurð af þessu starfi er ótrúlegur árangur þessa unga fólks í þeim íþróttagreinum sem það hefur valið sér og var árið 2022 engin undantekning.

Hjá fimleikadeildinni var árangurinn sérstaklega góður og má nefna að Auður Anna Þorbjarnardóttir varð íslandsmeistari unglinga í fimleikum á gólfæfingum. Grótta varð bikarmeistari í 1. og 2. þrepi í áhaldafimleikum og sigraði Nanna Guðmundsdóttir í fjölþraut á GK mótinu. Þá tefldi Grótta fram keppnisliði í meistaraflokki í hópfimleikum eftir nokkurra ára hlé.

Í handboltanum var árangur meistaraflokks kvenna góður og endaði liðið í 5. sæti næst efstu deildar. Ekki var síðri árangur meistaraflokks karla þar sem liðið endaði í 10. sæti efstu deildar. Ánægjuleg er mikil fjölgun í yngri flokkum handboltans og er hluti ástæðunnar sá að Grótta hefur tekið að sér að sinna handboltanum í vesturbænum fyrir hönd KR.

Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu mun spila á nýjan leik í 1. deild komandi sumar. Meistaraflokkur karla endaði í 3. sæti 1. deildar og verður því ekki annað séð en komandi leiktímabil beggja meistaraflokksliðanna í knattspyrnu verði spennandi. Iðkendur knattspyrnudeildar eru nú tæplega 400 talsins og hafa þeir aldrei verið svo margir.

Gróttusamfélagið hefur vaxið í heild sinni mjög mikið síðustu ár og er engin deild þar undanskilin.

Það er afar ánægjulegt enda trúum við að samhliða aukningu iðkenda fylgi bætt lýðheilsa á Seltjarnarnesi. Vextinum fylgja þó óneitanlega áskoranir sem við stöndum frammi fyrir sem samfélag. Þörf er á endurbótum á aðstöðu knattspyrnudeildar enda hefur deildin vaxið mikið frá því núverandi aðstaða var reist. Endurnýja þarf gervigrasið á knattspyrnuvellinum enda er endingartími þess liðinn bæði í árum og notkun. Aðstaðan í Vallarhúsi er orðin of lítil og þarfnast endurbóta svo sómi sé af. Þá hefur Grótta ekki farið varhluta af launahækkunum síðustu ára en hækkun rekstrarkostnaðar er áskorun sem snertir ekki bara Gróttu heldur samfélagið allt. Við treystum því að með samstöðu, ráðdeildarsemi og þolinmæði komumst við í gegnum þetta tímabil saman.

Samstarf Gróttu og Grunnskóla Seltjarnarness er mikilvægt fyrir okkur sem eigum börn hér á Nesinu. Við erum afar stolt af þessu samstarfi og er það gagnkvæmur vilji okkar að virkt samtal sé á milli skólans og félagsins með það að markmiði að stundatöflur félagsins og skólans séu sem best samræmdar.

Framtíðarsýn okkar hjá Gróttu er að efla félagið enn frekar með það að leiðarljósi að skapa umhverfi þar sem börn geti stundað íþróttir á sínum forsendum. Áhersla verði lögð á fagmennsku í þjálfun, að öll börn fái jafna athygli þjálfara og uppbyggilega endurgjöf. Þar að auki er það stefna Gróttu að efla samtalið við foreldra og tryggja að foreldrar séu upplýstir um framvindu barna sinna.

Framundan eru spennandi tímar og verður gaman að fylgjast með íþróttafólkinu okkar blómstra hver á sínum vettvangi. Fyrir hönd aðalstjórnar Gróttu þakka ég öllum sjálfboðaliðum og starfsfólki félagsins fyrir frábært starf. Jafnframt hvet öll sem áhuga hafa á að gerast sjálfboðaliði að slást í för með okkur og taka þátt í skemmtilegasta foreldrafélagi bæjarins.

Almennt um starf félagsins

Þjónustukönnun

Við lögðum fram þjónustukönnun fyrir félagið í heild sinni í fimmta sinn um vorið.

Könnunin var framkvæmd af Hólmfríði Önnu Martel Ólafsdóttur fyrir Gróttu og var könnunin lögð fram í 3 vikur í maí og byrjun júní. Þátttakendur voru öll skráð netföng foreldra og forráðamanna og var svarað fyrir hvert barn/íþróttagrein. Við fáum mjög góða svörun hjá foreldrum, alls milli 400-500 og mikið um opin svör.

Almennt má segja að ánægja foreldra með starfið sem fram fer í Gróttu sé mikil, heildaránægja mælist 3,99 af 5 mögulegum. Mjög jákvætt er að sjá líðan barna er sá þáttur sem er hæst metinn eða 4,30 sem er gríðarlega mikilvægur mælikvarði fyrir Gróttu.

Íþróttamannvirkin okkar teljast almennt snyrtileg en þar fáum við 4,21 af 5 mögulegum. Viðhorf foreldra til viðmóts starfsfólks skorar einnig nokkuð hátt en þar fáum við 4,16.

Ásdís Hjálms með fyrirlestur um hugarþjálfun

Árlegur haustfundur fyrir þjálfara félagsins var haldinn í hátíðarsal Gróttu 12. október 2022. Í byrjun fundar fór íþróttastjóri félagsins yfir praktísk mál og skilaboð frá skrifstofunni.

Það er hefð fyrir því að fá gest til að halda fyrirlestur fyrir þjálfaranna og að þessu sinni mætti Ásdís Hjálmsdóttir fyrrverandi spjótkastari og þrefaldur Ólympíufari. Hún hefur verið að sérhæfa sig í hugarfarsþjálfun og heldur úti sinni eigin heimasíðu asdishjalmsdottir.com/islenska

Fyrirlestur hennar var mjög áhugarverður þar sem hún byrjaði að ræða sína sögu þegar kemur að hugarþjálfun, hvenær og hvernig hún byrjaði að nota hugarfarsþjálfun og hvaða áhrif það hafði á hennar feril til þess að undirstrika mikilvægi hennar. Síðan fór hún nánar í fimm grunn aðferðir í hugarþjálfun til

Ásdís Hjálmsdóttir – Hugarþjálfun

þess að þjálfararnir viti hvernig er hægt að gera þetta og geti kennt sínum iðkendum. Í lokin talaði hún svo um hlutverk þjálfarans í þessu öllu (þar sem það er nú einu sinni íþróttafólkið sjálft sem þarf að gera þetta) og hvernig þjálfarar geta tvinnað hugarþjálfun inn í æfingarnar.

Skáknámskeið Gróttu

Grótta hélt skáknámskeið í byrjun nóvember fyrir tvo aldurshópa, eldri hóp fædda 2010-2013 og yngri hóp fædda 2014-2106. Kennari var Daði Ómarsson og var námskeiðið haldið í samstarfi við Skáksamband Íslands. Þessi tilraun tókst mjög vel - þátttaka var góð og verið er að skoða með framhald á næsta vetri.

Jólakort Gróttu 2022

Jólakortsamkeppni Gróttu var haldin í fjórða skipti nú fyrir jólin.

Eins og fyrri ár efndum við til teiknisamkeppni í 4. bekk Mýrarhúsaskóla um að velja teikningu sem prýðir jólakortið í ár.

Laufey Beite Pálsdóttir átti teikninguna sem varð hlutskörpust og hún prýðir jólakort félagsins árið 2022. Auk þess voru veitt verðlaun fyrir 3 aðrar teikningar en þær teiknuðu Auður Elín Þórðardóttir, Heiða Nielsen og Kristín Sara Sölvadóttir.

Laufey Beite Pálsdóttir

Við viljum þakka skólastjórnendum í Mýrarhúsaskóla fyrir samstarfið í ár og er þessi viðburður að festa sig í sessi sem árleg hefð hjá félaginu

Grótta er fyrirmyndarfélag

Íþróttafélagið Grótta fékk viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag ÍSÍ á fundi aðalstjórnar í vallarhúsi Gróttu miðvikudaginn 2. nóvember síðastliðinn.

Það var Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ sem afhenti viðurkenningarnar til fulltrúa aðalstjórnar og allra deilda félagsins, þ.e. knattspyrnu-, hand-knattleiks- og fimleikadeildar. Félagið hlaut fyrst viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag ÍSÍ árið 2005.

„Við hjá Íþróttafélaginu Gróttu erum stolt og þakklát fyrir að fá viðurkenningu ÍSÍ sem Fyrirmyndarfélag. Það er afar mikilvægt fyrir félagið að ná þessu markmiði enda keppist Grótta við að vera til fyrirmyndar á öllum sviðum“, sagði Þröstur Þór formaður félagsins af þessu tilefni.

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ, Guðjón Rúnarsson formaður fimleikadeildar, Arnkell Bergmann Arnkelsson formaður handknattleiksdeildar, Þröstur Þór Guðmundsson formaður Íþróttafélagsins Gróttu, Þorsteinn Ingason formaður knattspyrnudeildar og Gunnlaugur Jónsson íþróttastjóri félagsins.

Hundahlaupið

Hundahlaup UMFÍ, Non-stop dogwear og Gróttu fór fram í fyrsta skipti 27. ágúst 2022.

Alls tóku tæplega 100 hundaeigendur þátt í hlaupinu. Íþróttafélagið Grótta tók þátt í framkvæmd hlaupsins sem fór mjög vel fram og var mikil ánægja með hvernig til tókst.
Í boði voru tvær hlaupaleiðir, 2 kílómetra og 5 kílómetra hlaup og var ræst út á túninu við smábátahöfnina, leiðin lá út Bakkagranda og sú lengri í kringum Bakkatjörn.

Hundahlaupið markar tímamót því þetta er fyrsta skiptið sem íþróttahreyfingin og hundaeigendur snúa bökum saman og standa að skemmtilegum viðburði.

Hundahlaupið

Verbúðarball haustið 2022

Við héldum nýjan viðburð 10. september 2022 sem við nefndum Verbúðarballið í íþróttahúsinu. Við fengum leyfi hjá Gísla Erni Garðarssyni og félögum hjá Vesturport um að nýta nafnið Verbúðarballið og tengja viðburðinn við sjónvarpsþáttaseríuna Verbúðina sem var sýnd á RÚV í byrjun ársins 2022.

Hljómsveitin Verbúðabandið var sett saman af Vigni Snæ Vignissyni gítarleikara, trommaranum Þorvaldi Þór Þorvaldssyni - Dodda og Nesbúunum Andra Guðmundssyni og Þorbirni Sigurðssyni - Tobba. Söngvarar á fyrsta Verbúðarballinu voru þau Stefán Hilmarsson og Selma Björnsdóttir. Herbert Guðmundsson opnaði ballið kl. 22:00 og það er óhætt að segja að þessi viðburður sló í gegn - alls

seldust fimm hundruð miðar í forsölu og alls skemmtu sér yfir þúsund manns þessa kvöldstund í íþróttahúsinu og var mikið stuð. Þarna er sannarlega kominn viðburður sem verður viðhaldið og stefnt er á annað Verbúðarball haustið 2023.

Nýr samningur við Craft

Íþróttafélagið Grótta hefur samið við New Wave Iceland um að félagið noti CRAFT íþróttafatnað næstu fjögur árin. Félagið fór í stórt útboð síðastliðinn vetur og niðurstaðan var að semja við New Wave Iceland en strax frá upphafi sýndi fyrirtækið mikinn áhuga að semja við okkur. Með tilkomu samningsins verður New Wave Iceland einn af aðal styrktaraðilum Íþróttafélagsins Gróttu.

Íþróttafélagið Grótta þakkar Errrea á Íslandi fyrir frábært samstarf undanfarin 14 ár en Grótta hefur spilað í Errea fatnaði frá haustinu 2008.

Nýr samningur við Craft til 2026

Haraldur Jens Guðmundsson, framkvæmdastjóri New Wave Iceland er hæstánægður með nýja samninginn: „Við hjá New Wave Iceland erum afar ánægð að hafa náð saman við Gróttu um samstarf næstu fjögur árin þar sem Grótta æfir og keppir í fatnaði frá Craft. Grótta er öflugt félag sem við erum stolt af að geta stutt við bakið á næstu árin og hlökkum við mikið til samstarfsins."

Kári Garðarsson, framkvæmdastjóri Gróttu hafði þetta að segja eftir undirritun samningsins: „Um leið og við þökkum Errea fyrir áralangt farsælt samstarf hlökkum við mikið til samstarfsins við Craft. Samningurinn er einn stærsti heildarsamningur sem félagið hefur gert frá upphafi. Vöruúrval Craft er mikið og spennandi tímar framundan í samvinnu Gróttu og Craft."

Craft er alþjóðlegt íþróttavörumerki sem hóf starfsemi 1977 og framleiðir í dag hágæða fatnað fyrir flestar íþróttir sem hafa notið mikilla vinsælda um langt skeið. Craft er í eigu New Wave Group sem er móðurfélag dreifingaraðila Craft á Íslandi, New Wave Iceland. Á síðustu árum hefur Craft haslað sér völl á liðamarkaðnum með frábærum árangri þar sem má telja fjölda landsliða og félagsliða sem hafa kosið að leika í Craft sbr. sænsku knattspyrnuliðin Hammarby IF og IFK Gautaborg, sænska handboltalandsliðið og sænska landsliðið í fimleikum.

Kvennakvöld Gróttu

Kvennakvöld Gróttu var haldið í fyrsta sinn í mörg ár í hátíðarsal félagsins laugardagskvöldið 5. nóvember. Mikil stemning myndaðist og var húsfyllir þar sem Gróttu konur voru mættar í fordrykk í anddyri íþróttahúsins kl. 18:00 en Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir alþingiskona og fyrrum Nesbúi var veislustýra og stýrði frábærlega vel heppnuðum viðburði.

Ræðukona kvöldsins var Seltirningurinn Sigríður Dögg og sérstakur leynigestur Nesbúinn Björn Jörundur fór á kostum í leik og söng.

Herrakvöld Gróttu

Herrakvöld Gróttu 2022 var haldið laugardagskvöldið 29. október Dagskráin var glæsileg Gunnar á Völlum stýrði veislunni af sinni alkunnu snilld. Freyr Eyjólfsson fór með gamanmál og okkar eigin Þór Sigurgeirsson var ræðumaður kvöldsins. Sem fyrr var boðið upp á dýrindis kótilettur og fastir fjáröflunar viðburðir eins og treyjuuppboð og veglegt happdrætti tókst mjög vel.

Þorrablótið 2023

Þorrablót Gróttu fór fram 28. janúar í íþróttahúsi Gróttu og var mikið fjör fram rauða nótt. Þorrablótið er það fyrsta sem er haldið síðan 2020 og við héldum það í íþróttahúsinu þar sem félagsheimilið er frá vegna viðgerða. Dagskráin var glæsileg Snjólaug Lúðvíksdóttir var með uppistand, Andri Ívarsson var veislustjóri en hann kom inn með stuttum fyrirvara í fjarveru Árna Helgasonar. Mugison steig einnig á stokk vegna veikinda Bubba Morthens og stöllurnar Anna Rakel og Dóra Júlía lékum fyrir trylltum dansi fram á nótt. Þorrablótið tókst mjög vel þrátt að ýmis ljón hafi verið í veginum í undirbúningum.

Mannauður

Aðalstjórn Gróttu

Þröstur Þór Guðmundsson
Formaður
Lögmaður
5 ár í stjórn Gróttu

Anna Björg Erlingsdóttir
Varaformaður
Viðskiptafræðingur
15 ára starf fyrir Gróttu

Ragnar Rafnsson
Gjaldkeri
10 ára starf fyrir Gróttu

Kristinn Þorvaldsson
Meðstjórnandi
B.Ed í kennslufræði og MPM í verkefnastjórnun
7 ár í aðalstjórn Gróttu

Svala Sigurðardóttir
Meðstjórnandi
Læknir
1 árs starf fyrir Gróttu

Guðjón Rúnarsson
Formaður fimleikadeildar
Lögmaður
6 ára starf fyrir Gróttu

Þorsteinn Ingason
Formaður knattspyrnudeildar
Lögmaður
7 ára starf fyrir Gróttu

Arnkell Bergmann Arnkelsson
Formaður handknattleiksdeildar
Sölumaður
2 ára starf fyrir Gróttu

Starfsmenn á skrifstofu aðalstjórnar

Kári Garðarsson
Framkvæmdastjóri
B.Sc. íþróttafræði og MPA í opinberri stjórnsýslu
21 ára starf fyrir Gróttu

Gunnlaugur Jónsson
Íþróttastjóri
Stjórnmálafræði
4 ára starf fyrir Gróttu

Kristín Finnbogadóttir
Fjármálastjóri
Stúdentspróf
22 ára starf hjá Gróttu

Starfsmenn íþróttamannvirkja

Elvar Grétarsson
7 ára starf fyrir Gróttu

Jóhanna Selma Sigurðardóttir
7 ára starf fyrir Gróttu

Reynir Hólm Jónsson
4 ára starf fyrir Gróttu

Valdimar Ólafsson
13 ára starf fyrir Gróttu

Sólveig Herbertsdóttir
7 ára starf fyrir Gróttu

Örlygur Ásgeirsson
7 ára starf fyrir Gróttu

Vantar á mynd:
Hafdísi Guðmundsdóttir

Viðurkenningar

Íþróttamaður og -kona Gróttu
Kjöri íþróttamanns Gróttu fyrir árið 2022 var lýst þann 11. janúar í athöfn sem var haldin í Hátíðarsal Gróttu til að fagna íþróttaárinu 2022 hjá félaginu.

Íþróttamaður Gróttu

Tilnefndir voru:

- Kjartan Kári Halldórsson - knattspyrnudeild
- Birgir Steinn Jónsson - handknattleiksdeild

Knattspyrnumaðurinn **Kjartan Kári Halldórsson** var valinn íþróttamaður Gróttu árið 2022. Á árinu byggði Kjartan Kári ofan á frábæran árangur síðasta árs og var lykilmaður í Gróttuliðinu sem náði þeim frábæra árangri að enda í þriðja sæti Lengjudeildarinnar. Á tímabilinu skoraði Kjartan Kári 17 mörk í 19 deildarleikjum og var markahæsti maður deildarinnar. Auk þess skoraði Kjartan 3 mörk í Mjólkurbikarkeppni og lagði þar fyrir utan upp nokkurn fjölda marka. Þá var Kjartan Kári líkt og á síðasta ári valinn í U—19 ára landslið Íslands og spilaði þar í milliriðli fyrir EM 2022.

Frammistaða Kjartans Kára í sumar vakti verðskuldaða athygli og var hann m.a. valinn í lið ársins í Lengjudeildinni í vali Fótbolta.net auk þess sem hann var kjörinn efnilegasti leikmaður deildarinnar í sama vali. Frammistaða Kjartans Kára fór heldur ekki framhjá liðum í Bestu deildinni sem sýndu mikinn áhuga á að fá hann til liðs við sig. Kjartan Kári fór hins vegar á reynslu til Haugesund sem leikur í efstu deild í Noregi og stóð sig með mikilli prýði. Í lok ársins gekk Kjartan Kári svo til liðs við Haugesund sem atvinnumaður í fótbolta.

Kjartan Kári Halldórsson

Freyja Hannesdóttir

Íþróttakona Gróttu

Tilnefndar voru:

- Freyja Hannesdóttir - fimleikadeild
- Katrín Anna Ásmundsdóttir - handknattleiksdeild
- Sigrún Ösp Aðalgeirsdóttir - knattspyrnudeild

Íþróttakona Gróttu 2022 var valin fimleikakonan **Freyja Hannesdóttir**, Freyja hefur æft áhaldafimleika hjá Gróttu í 10 ár og er með skýr markmið og leggur mikið á sig til að ná þeim. Hún er mikilvægur liðsfélagi í meistaraflokki Gróttu og fyrirmynd æfingafélagana.

Hún varð Íslandsmeistari unglinga árið 2021 og keppti með unglingalandsliðinu það sama ár. Árið 2022 var fyrsta ár Freyju í fullorðinsflokki og stimplaði hún sig strax inn í hóp þeirra bestu. Á Íslandsmótinu keppti hún á tvíslá og slá og komst í úrslit á báðum áhöldum þar sem að hún varð í 5. sæti. Hún var í bikarliði Gróttu sem að varð í 3. sæti af samtals 9 liðum sem að kepptu á Bikarmóti FSÍ. Freyja kom sterk inn í veturinn og var valin í æfingahóp fyrir Norður Evrópumót. Á Haustmóti FSÍ varð hún í 4. sæti í fjölþraut og sigraði á stökki og varð í 3. sæti á tvíslá.

Freyja hefur komið að þjálfun yngri barna og staðið sig vel í því hlutverki og í haust tók hún dómarapróf í áhaldafimleikum. Hún er jákvæð gagnvart öllum hlutverkum innan deildarinnar og er alltaf tilbúin til aðstoða þegar þess er óskað.

Tilnefndar íþróttakonur æskurnnar

Íþróttakona æskunnar

Tilnefndar voru:
Jóna Guðrún Gylfadóttir - knattspyrna
Katrín Scheving Thorsteinsson - handknattleikur
Lilja Hrund Stefánsdóttir - handknattleikur
Lilja Hugrún Pétursdóttir - fimleikar
Lovísa Anna Jóhannsdóttir - fimleikar
Sara Björk Arnarsdóttir - knattspyrna

Sara Björk Arnarsdóttir knattspyrnukona var valin íþróttakona æskunnar, Sara lék frábærlega með tveimur flokkum í sumar, þar sem hún var burðarás liðum bæði 3. og 4. flokks. Sara var á árinu valin í U-15 ára landslið Íslands og steig einnig sín fyrstu skref með meistaraflokki félagsins.

Sara Björk Arnarsdóttir

Íþróttamaður æskunnar

Tilnefndir voru:
Antoine Óskar Pantano - handknattleiksdeild
Gísli Örn Alfreðsson - handknattleiksdeild
Hannes Ísberg - knattspyrnudeild
Tómas Johannessen - knattspyrnudeild

Antoine Óskar Pantano handknattleiksmaður var valinn íþróttamaður æskunnar fyrir árið 2022. Antoine er lykilleikmaður og fyrirliði í 3fl félagsins sem og í ungmennaliðsins.

Antonie Óskar Pantano

Hann hefur verið fastamaður í landsliði Íslands í þessum aldurshópi. Hann lék sína fyrstu unglingalandsleiki með U16 ára liðinu í sumar þegar Ísland mætti Færeyjum. Antoine lék vel með liðinu í Færeyjum. Í sumar lék Antoine með

Tilnefndir íþróttamenn æskurnnar

Reykjavíkurúrvalinu á gríðarlega sterku móti félagsliða í Ungverjalandi. Antoine var fyrirliði liðsins og lykilleikmaður sem gerði sér lítið fyrir og vann bronsverðlaun á þessu sterka móti sem fór fram í Veszprem.

Í fyrra skrifaði Antoine Óskar undir sinn fyrsta meistaraflokkssamning og í haust skrifaði hann undir nýjan tveggja ára samning við Gróttu. Hann hefur einnig leikið með aðalliði meistaraflokks í Olísdeildinni og þær mínútur sem hann hefur leikið þar sýnir að hann er einn af framtíðarleikmönnum meistaraflokks. Antoine Óskar er gríðarlega efnilegur leikmaður, hann mætir á allar æfingar og allar aukaæfingar sem í boði eru, hann er jákvæður leiðtogi innan sem utan vallar og fyrirliði 3. flokks.

Þjálfari ársins

Tilnefndir sem þjálfarar ársins voru frá fimleikadeild Bjarni Geir H. Halldórsson og frá knattspyrnudeild Pétur Rögnvaldsson.

Þjálfari ársins 2022 var valinn Maksim Akbachev yfirþjálfari handboltadeildar. Maksim er fæddur árið 1985 og var ráðinn til Gróttu sumarið 2020. Það tímabilið þjálfaði hann 4. flokk karla, 4. flokk kvenna og 8. flokk kvenna auk þess að vera aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla hjá félaginu. Veturinn 2021-2022 tók Maks við yfirþjálfarastöðu handknattleiksdeildar auk þess að þjálfa 4. flokk kvenna, ungmennalið Gróttu og vera aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla. Núna í haust tók hann að sér þjálfun 5. flokks karla og 4. flokks kvenna auk þess að vera yfirþjálfari deildarinnar.

Afhending verðlauna fyrir þjálfara ársins: Anna Björg varaformaður, Bjarni Geir, Maksim þjálfari ársins, Pétur Rögnvalds og Þröstur Þór formaður.

Maksim er gríðarlega fær og reynslumikill þjálfari. Hann þjálfaði áður hjá Haukum og Val við góðan orðstír og segja má að Grótta hafi dottið í lukkupottinn þegar hann hóf störf hjá félaginu. Hann hefur drifið starfið áfram og á næsta stig með dugnaði og metnaði. Fyrsta verk Arnars Daða Arnarsson þjálfara Gróttuliðsins árið 2019-2022 þegar Gróttuliðið tryggði sæti sinn í efstu deild, Olísdeildinni var að tryggja Maksim sem sinn aðstoðarmann. Saman gerðu þeir frábæra hluti með meistaraflokk karla en liðið tryggði áframhaldandi sæti í Olísdeildinni tvö tímabil í röð og það var ekki síst samstarfinu með Maks að þakka.

Maks er mikill félagsmaður. Ekkert verk er of lítið eða of stórt fyrir hann. Hann hefur áhuga á öllu starfi deildarinnar eða félagsins ef því er að skipta. Hann tekur mikinn þátt í sjálfboðaliðstarfi félagsins, hvort sem það er mönnum dómara, dómgæsla, umgjörð á leikjum meistaraflokka eða hvað það sem viðkemur deildinni.

Sjálfboðaliðar ársins

Útnefnd til verðlaunanna sjálfboðaliða ársins voru:

Eyjólfur Garðarsson, fimleikadeild
Sjálfboðaliði ársins 2022 fimleikadeild Gróttu er Eyjólfur Garðarsson ljósmyndari. Eyjólfur hefur verið boðinn og búinn að mæta og mynda starfið hjá deildinni oft með litlum fyrirvara. Fimleikadeild þakkar Eyjólfi fyrir óeigingjarnt starf í þágu deildarinnar.

Arnkell Bergmann Arnkelsson handknattleiksdeild
Sjálfboðaliði handknattleiksdeildar Gróttu 2022 er Arnkell Bergmann Arnkelsson. Hann ásamt Ása heitnum og Viggó Kristjánssyni í Þýskalandi tóku við stjórn handknattleiksdeildar í desember 2021. Þeir þrír sáu um öll mál fram að fráfalli Ása. Arnkell stóð þá einn vaktinai á landinu en núna hefur bæst við stjórnina.

Halla Bachmann Ólafsóttir, knattspyrnudeild
Sjálfboðaliði ársins 2022 hjá knattspyrnudeild er Halla Bachmann Ólafsdóttir. Halla hefur reynst knattspyrnudeild drjúg um áralangt skeið. Á árinu sem var að líða tók Halla fyrst og fremst þátt í undirbúningi og framkvæmd leikja meistaraflokks kvenna, sem hún gerði af miklum myndarbrag eins og henni er von og vísa. Stjórnaði hún sölustúlkum í sjoppunni og gætti þess að kaffi og kakó væru á könnunum. Þá bakaði Halla að sjálfsögðu umtalsvert magn af vöfflum og reiddi fram með rjóma og sultu. Kunnu áhorfendur vel að meta viðurgjörninginn, raunar svo að það var umtalað í stúkunni.

Afhending verðlauna fyrir Sjálfboðaliða ársins: Anna Björg varaformaður, Arnkell Bergmann, Eyjólfur, Halla Bachmann og Þröstur Þór formaður.

Sara Björk, Antonie Óskar, Alex Kári, Tómas og Auður Anna fengu sína fyrstu landsliðsreynslu á árinu.

Fyrstu landsleikir

Eftirfarandi krakkar fengu sína fyrstu landsliðsreynslu á árinu 2022:

- Alex Kári Þórhallsson, handknattleiksdeild
- Antonie Óskar Pantano, handknattleiksdeild
- Auður Anna Þorbjarnardóttir, fimleikadeild
- Tómas Johannessen, knattspyrnudeild
- Sara Björk Arnarsdóttir, knattspyrnudeild

Heiðursmerki

Við afhendingu viðurkenninga til afreksfólks Gróttu, þann 11. janúar 2023 voru einnig veitt heiðursmerki félagsins. Eftirtaldir einstaklingar hlutu heiðursmerki félagsins við það tilefni:

Gullmerki Gróttu:
Kári Garðarsson

Silfurmerki Gróttu:
Ragnar Rafnsson
Anna Sóley Jensdóttir

Bronsmerki Gróttu:
Bernódus Sveinsson
Bjarni Geir Halldórsson
Bragi Björnsson
Fjalar Sigurðarson
Guðrún Guðmundsdóttir
Hreinn Októ Karlsson
Kristinn Þorvaldsson
Sigurbergur Steinsson
Þór Sigurðsson
Þóra Kristín Jónsdóttir

Gullmerki Gróttu

Kári Garðarsson

Silfurmerki Gróttu

Anna Sóley Jensdóttir

Ragnar Rafnsson

Bernódus Sveinsson

Bjarni Geir Halldórsson

Bragi Björnsson

Fjalar Sigurðarson

Guðrún Guðmundsdóttir

Hreinn Októ Karlsson

Kristinn Þorvaldsson

Sigurbergur Steinsson

Þór Sigurðsson

Þóra Kristín Jónsdóttir

Aðstaða

Á knattspyrnuvöll var settur upp flottur LED skjár auk þess sem búið er að panta nýja LED skjái í handboltasal. Ný keppnismörk voru keypt í handboltasal auk þess sem fjárfest var í nýjum minni mörkum.

Áfram þarf að tryggja að aðstaða Gróttu til íþróttaiðkunar verði sem best verður á kosið. Eins og áður hefur komið fram eru næstu verkefni að klára að bæta aðstöðu knattspyrnumanna og -kvenna í vallarhúsi, t.a.m. með lausnum varðandi klefavandamál deildarinnar. Gervigrasið er einnig komið á tíma og full þörf á að skipta því út á allra næstu misserum. Handknattleiksdeildin hefur lagt áherslu á að kominn sé tími á viðhald og endurbætur á litla salnum. Skipta þarf um gólfefni, endurhugsa stúkuna, breikka handboltavöllinn og skipta út loft-ræstikerfi.

Að beiðni bæjaryfirvalda samþykkit aðalstjórn þar sem sitja formenn allra deilda forgangsröðun viðhalds og framkvæmda á mannvirkjum Gróttu til næstu ára. Er það mat félagsins að gera þurfi raunhæfa áætlun hvernig þessi áætlun muni raungerast á næstu árum.

	Minni verkefni		Stærri verkefni
1.	Fimleikadeild – áhorfendastúka	1.	Knattspyrnudeild – skipta um gervigras og bæta við vökvunarkerfi á gervigrasvöll
2.	Félagið í heild – Stækkun á kaffistofu og fundaraðstaða við afgreiðslur	2.	Knattspyrnudeild – stækkun vallarhúss
3.	Fimleikadeild – Hljóðeinangrandi fellitjald	3.	Fimleika- og handknattleiksdeild – endurbætur á litla sal
4.	Félagið í heild – stækkun eldúss við hátíðarsal	4.	Knattspyrnudeild – stækkun stúku við gervigrasvöll
5.	Félagið í heild – skoða skrifstofuaðstöðu	5.	Knattspyrnudeild – Yfirbygging stúku við gervigrasvöll

4
5
8
18
14
11

Skýrsla
fimleikadeildar
Gróttu

Guðjón Rúnarsson, formaður

Ávarp formanns

Hvað stóð upp úr?

Við erum ákaflega stolt af því hversu mikill áhugi er hjá börnum og ungmennum að æfa fimleika hjá Gróttu. Á afrekssviði stóð hæst að Freyja Hannesdóttir var kjörin íþróttakona Gróttu og átti félagið fulltrúa í landsliðsverkefnum í áhaldafimleikum. Þannig var Auður Anna Þorbjarnardóttir valin í unglingalandslið Íslands á Norðurlandamóti og varð einnig Íslandsmeistari unglinga á gólfi. Þá varð Grótta bikarmeistari í áhaldafimleikum í 1. og 3. þrepi. Nýir þjálfarar komu inn í hópfimleika hópa félagsins sem hafa byggt ofan á fyrri árangur. 2. flokkur í hópfimleikum varð Íslands- og bikarmeistarar í gólfæfingum á árinu. Þá stóð Grótta fyrir afar vel heppnuðu Ofurhetjumóti í áhaldafimleikum fyrir stúlkur og drengi dagana 5.-7. mars 2022.

Helstu styrkleikar?

Fimleikadeild Gróttu byggir á sterkum grunni. Styrkleikar deildarinnar hafa ávallt byggst á öflugu teymi þjálfara og góðu samstarfi innan deildarinnar sem og við iðkendur og aðstandendur.

Helstu áskoranir?

Helstu áskoranir fimleikafélaga landsins hafa í mörg ár verið að tryggja nægilegan fjölda af hæfum og góðum þjálfurum. Einnig að láta núverandi aðstöðu mæta þeim mikla fjölda sem sækir í að æfa hjá deildinni. Þá er áskorun fyrir stjórnendur að halda vel utanum rekstur hennar á hverju ári. Æfingagjöld eru uppistaða tekna og ljóst að vaxandi rekstrarkostnaði þarf að mæta. Það hefur einnig verið áskorun að fá foreldra til að taka þátt í fjáröflunum fyrir ferðir og sinna sjálfboðastarfi, t.d. Í kringum mót og við skipulagningu viðburða fyrir iðkendur.

Helstu sóknarfæri?

Sóknarfæri fimleikadeildar byggja á því að efla enn frekar þá kjarnastarfsemi sem deildin sinnir samhliða því að stækka enn frekar námskeið sem eru í boði eins og stubbafimi, þrek fyrir boltakrakka og fullorðinsfimleika. Til dæmis fjölgaði deildin um 40-50 börn í stubbafimi í vetur með því að bæta við einum hópi, en alls hafa í vetur tæp 200 börn sótt stubbafiminámskeið deildarinnar. Einnig eru sóknarfæri fyrir fimleikadeildina að standa fyrir fleiri mótum, samanber stökkfimi- og hópfimleikamót sem deildin mun sjá um fyrir FSÍ í maí 2023.

Almennt um deildina

Fimleikadeild Gróttu samanstendur af 21 grunnhópi, 9 hópfimleika hópum, 6 framhaldshópum í áhaldafimleikum og 4 stubbafimi hópum. Fimleikadeildin hefur einnig boðið uppá styrktar- og liðleikaþjálfun fyrir börn á aldrinum 8-12 ára, fullorðinsfimleika og þrek og grunnfimleikaæfingar fyrir unglingsstúlkur. Stubbafimi er ætluð yngstu iðkendunum eða börnum 2.-4. ára. Grunnhópar eru ætlaðir 5-8 ára iðkendum. Meginmarkmið stubbafimi og grunnhópa er að skapa áhuga á íþróttinni ásamt því að kenna grunn- og undirstöðuatriði fimleika. Frá 9 ára aldri geta börnin svo valið um áhalda- eða hópfimleika.

Iðkendur í fimleikadeildinni og á námskeiðum á vegum hennar eru um 700. Stúlkur eru meirihluti iðkenda, fjöldi þeirra er á bilinu 75-80% en fjöldi stráka er á bilinu 20-25%.

Það er nóg um að vera hjá fimleikadeildinni yfir sumartímann en keppnishópar félagsins æfa stóran hluta sumarsins. Fimleikadeildin býður uppá fimleika- og leikjaskóla fyrir 6-9 ára börn og hópfimleika námskeið.

Mannauður

Stjórn fimleikadeildarinnar	Titill	Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Guðjón Rúnarsson	Formaður	Lögmaður	6
Jóhanna Sigmundsdóttir	Varaformaður	Kennarapróf	8
Sölvi Sturluson	Gjaldkeri	Hagfræðingur	2
Anna Dóra Ófeigsdóttir	Ritari	Tækniteiknari	3
Gísli Örn Garðarsson	Meðstjórnandi	Leikari	2

Guðjón Rúnarsson

Jóhanna Sigmundsdóttir

Sölvi Sturluson

Anna Dóra Ófeigsdóttir

Gísli Örn Garðarsson

Nefndir	
Þorrablótsnefnd	**Verbúðarballs nefnd**
Anna Dóra Ófeigsdóttir	Guðjón Rúnarsson
Sölvi Sturluson	Jóhanna Sigmundsdóttir

Sjálfboðaliðar
Eyjólfur Garðarsson

Starfsmenn fimleikadeildarinnar	Titill	Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Hrafnhildur Sigurjónsdóttir	Framkvæmdastjóri	Viðskiptafræðingur ÍAK einkaþjálfari	9

Hrafnhildur Sigurjónsdóttir

Almennir þjálfarar eru 29 talsins og aðstoðarþjálfarar eru 32:

Þjálfarar	Titill	Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Anna Sóley Jensdóttir	Yfirþjálfari grunnhópa	Sjúkraþjálfari	12
Halla Steingrímsdóttir	Yfirþjálfari hópfimleika	Nemi í félagsráðgjöf	2
Sesselja Järvelä	Yfirþjálfari áhaldafimleika	Íþróttakennari	22
Arna Geirsdóttir	Almennur þjálfari	Menntaskólanemi	4
Axel Bragason	Almennur þjálfari	Sjúkraþjálfari	6
Ásdís Björk Pétursdóttir	Almennur þjálfari	BA í þýsku og viðskiptafræði Master í kennslufræði ÍAK einkaþjálfari frá Keili	18
Ásdís Lóa Erlendsdóttir	Almennur þjálfari	Nemi í lögfræði	3
Bergdís Katla Birgisdóttir	Almennur þjálfari	Menntaskólanemi	4
Berglind Pétursdóttir	Almennur þjálfari	Sjúkraþjálfari	14
Bjarni Geir Halldórsson	Almennur þjálfari	Nemi í viðskiptafræði	10
Bríet Bjarnadóttir	Almennur þjálfari	Stúdent	3
Gabriella Palkovics Belányiné	Almennur þjálfari	Íþróttafræðingur og kennari	25
Gréta Toredóttir	Almennur þjálfari	BS í Rekstrarverkfræði	1
Halldór Hafliðason	Almennur þjálfari	Sveinspróf í matreiðslu	1
Hansína Gunnarsdóttir	Almennur þjálfari	Íþróttafræðingur	2
Helena Sólrún Oddsdóttir Holt	Almennur þjálfari	Menntaskólanemi	4
Hildur Arnaldsdóttir	Almennur þjálfari	Stúdent	5
Hrafnhildur Sigurjónsdóttir	Almennur þjálfari	Viðskiptafræðingur ÍAK einkaþjálfari frá Keili	9
Jóhanna Kolbrún Einarsdóttir	Almennur þjálfari	Nemi í lögfræði	5
Karólína Snót Georgsdóttir	Almennur þjálfari	Stúdent	5
Laufey Birna Jóhannsdóttir	Almennur þjálfari	Menntaskólanemi	4
Matthildur Óskarsdóttir	Almennur þjálfari	Nemi í sjúkraþjálfun	9
Nanna Guðmundsdóttir	Almennur þjálfari	Nemi í íþróttafræði	9
Ólöf Línberg Kristjánsdóttir	Almennur þjálfari	Íþróttafræðingur	10
Rakel Róbertsdóttir	Almennur þjálfari	Nemi í sjúkraþjálfun	4
Salka Sigmundsdóttir	Almennur þjálfari	Menntaskólanemi	4
Selma Jóhannesdóttir	Almennur þjálfari	Menntaskólanemi	4
Selma Katrín Ragnarsdóttir	Almennur þjálfari	Stúdent	4
Thelma Lind Jóhannsdóttir	Almennur þjálfari	Viðskiptafræðingur ÍAK einkaþjálfari frá Keili	2
Tomas Enrique Bekkavik	Almennur þjálfari	Íþróttafræðingur	1
Agnes Sólbjört Helgadóttir	Aðstoðarþjálfari	Menntaskólanemi	3
Aníta Rún Arnarsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	1
Arna Sif Jóhannsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	1
Askja Lilja Finze	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	1
Auður Guðjónsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Menntaskólanemi	3
Brynhildur Glúmsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Menntaskólanemi	4
Diljá Elíasdóttir	Aðstoðarþjálfari	Menntaskólanemi	1
Freyja Geirsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	2
Hildur Jónsdóttir Norðfjörð	Aðstoðarþjálfari	Menntaskólanemi	4
Hildur Þurí Indriðadóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	2
Ísól Aradóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	2

Jóhanna Júlía Sigurðardóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	1
Katrín Katla Guðmundsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Menntaskólanemi	3
Kolfinna Björk Snorradóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	2
Lilja Hugrún L. Pétursdóttir	Aðstoðarþjálfari	Menntaskólanemi	3
Linda Ýr Guðrúnardóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	2
Lísbet Freyja Ýmisdóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	2
Margrét Friðriksdóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	2
Margrét Lára Jónsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Menntaskólanemi	3
María Ólafía Þormar	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	2
Natalía Kjerúlf Óskarsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	2
Ragna Kamilla Ragnarsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	2
Ragnheiður Vala Höskuldsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Menntaskólanemi	4
Ragnhildur Emilía Gottskálksdóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	1
Sara Gunnlaugsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Menntaskólanemi	3
Sif Kvaran	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	1
Sigrún Edda Þórisdóttir	Aðstoðarþjálfari	Menntaskólanemi	3
Sigrún Elísabet Pétursdóttir	Aðstoðarþjálfari	Grunnskólanemi	1
Sigurlína Sól Valþórsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Menntaskólanemi	4
Thelma Gunnarsdóttir	Aðstoðarþjálfari	Menntaskólanemi	2

Iðkendur

Iðkendur í fimleikadeildinni eru 645 talsins, þar af 22% strákar og 78% stelpur. Deildin hefur boðið upp á styrktarþjálfun fyrir unglingsstúlkur og fimleika fyrir fullorðna og þar hefur hvert námskeið verið með a.m.k. 18 fullorðna einstaklinga skráða. Þegar styrktarþjálfun og fullorðinsfimleikar eru teknir inn í heildartöluna eru iðkendur alls 667.

Nafn/flokkur	Tegund	Fjöldi iðkenda	Kyn	Fæðingarár
Meistaraflokkur	Hópfimleikar	11	kvk	2005+
1. flokkur	Hópfimleikar	14	kvk	2007-2006
2. flokkur	Hópfimleikar	13	kvk	2009-2008
2. flokkur B	Hópfimleikar	8	kvk	2009-2008
KKE/KKY drengir	Hópfimleikar	18	kk	2013-2009
3. flokkur Ú	Hópfimleikar	14	kvk	2011-2010
3. flokkur	Hópfimleikar	14	kvk	2011-2010
4. flokkur Ú	Hópfimleikar	14	Kvk	2013-2012
4. flokkur	Hópfimleikar	17	kvk	2013-2012
A1	Grunnhópar	13	kvk	2016
A2	Grunnhópar	14	kvk	2016
A3	Grunnhópar	13	kvk	2016
A4	Grunnhópar	14	Kvk	2017
A5	Grunnhópar	13	Kvk	2017
A6	Grunnhópar	14	kvk	2017
A7	Grunnhópar	13	kvk	2017
B1	Grunnhópar	11	kvk	2015
B2	Grunnhópar	14	kvk	2015
B3	Grunnhópar	11	kvk	2014
C1	Grunnhópar	11	kvk	2015
C2	Grunnhópar	10	Kvk	2016
D1	Grunnhópar	12	kvk	2014
D2	Grunnhópar	13	kvk	2014
D3	Grunnhópar	12	kvk	2014
D4	Grunnhópar	12	kvk	2014
E1	Framhaldshópur áhaldafimleikar	14	kvk	2012-2013
F1	Framhaldshópur áhaldafimleikar	12	kvk	2010-2012
F2	Framhaldshópur áhaldafimleikar	15	kvk	2013-2015
F3	Framhaldshópur áhaldafimleikar	11	kvk	2013-2014
L1	Framhaldshópur áhaldafimleikar	9	kvk	2010-2012
M	Meistarahópur áhaldafimleikar	12	kvk	2000-2010
S1	Grunnhópar	14	kk	2014
S2	Grunnhópar	12	kk	2015
S3	Grunnhópar	9	kk	2016
S4	Grunnhópar	10	kk	2016
S5	Grunnhópar	14	kk	2017

2 ára stelpur	Stubbafimi	15	kvk	2020
2 ára strákar	Stubbafimi	21	kk	2020
3 ára stelpur	Stubbafimi	38	kvk	2019
3 ára strákar	Stubbafimi	26	kk	2019
4 ára stelpur	Stubbafimi	48	kvk	2018
4 ára strákar	Stubbafimi	42	kk	2018
FFA	Styrktarþjálfun	4	kvk	2004-2005
Fullorðinsfimleikar	Fullorðinsfimleikar	18	kvk	1972-2002
	Samtals	**667**		

Aðstaða

Þrátt fyrir að nýi fimleikasalurinn hafi gjörbreytt æfingaaðstöðu fimleikadeildar, jók hann enn frekar aðsókn að deildinni þannig að salurinn er kominn að þolmörkum á annatímum. Reynt er að hafa allar þær æfingar sem hægt er snemma á daginn en elstu iðkendur eru að æfa til kl. 22:00 á kvöldin. Fimleikadeild Gróttu leitaði eftir því hjá aðalstjórn á liðnu ári að fá aðgengi að gamla íþróttasal Gróttu (græna salnum) einu sinni í viku á virkum degi frá 16:00-18:30 og á laugardögum frá 09:30-12:00 til að létta álaginu í fimleikasalnum. Það myndi hjálpa mikið í öllu skipulagi deildarinnar. Þeirri beiðni var hafnað.

Í apríl 2022 komu langþráðar dýnur í kringum sláar- og tvísláarsvæðið, sem beðið hefur verið eftir frá því að salurinn var opnaður. Enn á þó eftir að klæða stoðir undir rám yfir gryfjunni og koma fyrir gólffestingum á stökksvæðið til að hægt sé að festa nýja Gymnova keppnishestinn þegar hann er í notkun. Öryggismál eru alltaf lykilatriði í fimleikum eins og öðrum íþróttum en mikilvægt að klára ófrágengin mál í sal hvað það varðar.
Einnig er ástæða til að setja hlemm yfir stökkgryfjuna til þess að hægt sé að byrja hlaup þar fyrir æfingar á stökki. Þar með væri mögulegt að halda mót í salnum fyrir iðkendur í efstu þrepum fimleikastigans.

Þá á eftir að bæta við þremur stúkueiningum eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Það hefur sýnt sig á mótum sem fimleikadeildin hefur staðið fyrir að þar vantar upp á. Enn á eftir að skipta út gamalli tvíslá, það vantar mjúk bretti fyrir grunnhópa, svört tjöld til að hylja veggi salarins á viðburðum og mótum og skjái við áhöld. Einnig vantar nýjan hjólabúnað undir hópfimleikahestinn, mjúka lendingardýnu (soft top) og öryggispúða sem festist undir trampolínið. Þá er ástæða til að bæta við lágum móttökupalli yfir gryfju, „gervirá“ yfir gryfju, ketilbjöllum og stórum jógaboltum. Loks vantar deildina verðlaunapall til að nota á mótum.

Eftirfarandi áhöld voru keypt í vetur: 4,5 m Tumbl Trak braut ásamt rám til að setja yfir, fjórar 2,5 m Laser gólf slár frá Tumbl Trak, tvær Laser sláar breikkun á hærri slár, átta Panel mats frá Tumbl Trak, tvær skádýnur frá Tumbl Trak, ein handahlaups dýna frá Tumbl Trak, einn T-Trainer frá Tumbl Trak, tvær nýjar rár frá Spieth, tveir rauðir Gymnova kubbar, fjórar Gymnova dýnur (20 cm þykkar) og ein rafmagnspumpa fyrir loftdýnur.

Árangur ársins

Áhaldafimleikar
Þjálfarar sem að þjálfuðu keppnishópana okkar í 1.-3. þrepi og frjálsum æfingum árið 2022: Axel Bragason, Berglind Pétursdóttir, Gabriella Belányi, Laufey Birna Jóhannsdóttir og Sesselja Järvelä.

Þrepamót 1.-3. þrepi 2022

1. þrep 14 ára og eldri: Lovísa Anna Jóhannsdóttir varð í 3. sæti í fjölþraut.
1. þrep 13 ára og yngri: Ásdís Erna Indriðadóttir 2. sæti á stökki, slá og í fjölþraut og í 3. sæti á tvíslá og gólfi. Auður Anna Þorbjarnardóttir varð í 1. sæti á stökki, 2. sæti á gólfi og í 3. sæti í fjölþraut
3. þrep 12 ára: Nína Karen Jóhannsdóttir sigraði í fjölþraut og varð í 1. sæti á stökki og slá og 3. sæti á tvíslá. Ása Agnarsdóttir varð í 2. sæti á tvíslá. Harpa Hrönn Egilsdóttir varð í 2. sæti á slá og gólfi.

Bikarmót í þrepum 2022

Grótta varð Bikarmeistari í bæði 1. og 3. þrepi.

Í liði Gróttu í 1. þrepi voru þær Auður Anna Þorbjarnardóttir, Ásdís Erna Indriðadóttir, Lovísa Anna Jóhannsdóttir, Maríanna Káradóttir og Ragnhildur Emilía Gottskálksdóttir.

Í liði Gróttu í 3. þrepi vorur þær Arnheiður Maja Elmarsdóttir, Ása Agnarsdóttir, Eldey Erla Hauksdóttir, Harpa Hrönn Egilsdóttir, Hildur Monika Einarsdóttir og Nína Karen Jóhannsdóttir.

Íslandsmót í þrepum 2022

1. þrep 14 ára og eldri: Ragnhildur Emilía Gottskálksdóttir varð í 2. sæti.
1. þrep 13 ára og yngri: Ásdís Erna Indriðadóttir varð í 2. sæti.
3. þrep 12 ára: Ása Agnarsdóttir varð í 2. sæti og Nína Karen Jóhannsdóttir í 3. sæti.

GK-meistaramót FSÍ 2022

Nanna Guðmundsdóttir sigraði með yfirburðum í fjölþraut í kvennaflokki með samtals 47,782 stig. Hún sigraði einnig á tvíslá og slá og varð í 2. sæti á gólfi. Auður Anna Þorbjarnardóttir varð í 3. sæti í fjölþraut í unglingaflokki, hún sigraði á stökki og gólfi og varð í 2. sæti á slá. Lovísa Anna Jóhannsdóttir varð í 3. sæti á tvíslá í unglingaflokki.

Bikarmót í frjálsum æfingum 2022

Lið Gróttu varð í 3. sæti af alls 9 liðum. Í liði Gróttu voru þær Auður Anna Þorbjarnardóttir, Ásdís Erna Indriðadóttir, Freyja Hannesdóttir, Lovísa Anna Jóhannsdóttir, Nanna Guðmundsdóttir og Ragnhildur Emilía Gottskálksdóttir.

Íslandsmót 2022

Auður Anna Þorbjarnardóttir varð Íslandsmeistari unglinga á gólfi og í 3. sæti á stökki. Lovísa Anna Jóhannsdóttir komst í úrslit á stökki í unglingaflokki og varð í 5. sæti. Freyja Hannesdóttir komst í úrslit á tvíslá og slá í kvennaflokki og varð í 5. sæti á báðum áhöldum. Nanna Guðmundsdóttir sem varð Íslandsmeistari 2021 varð fyrir meiðslum í hné í lok æfingar á tvíslá og varð að hætta keppni á fyrri keppnisdegi mótsins.

Haustmót 2022

Frjálsar æfingar: Freyja Hannesdóttir sigraði á stökki og varð í 3. sæti á tvíslá í kvennaflokki. Í unglingaflokki varð Lovísa Anna Jóhannsdóttir í 3. sæti á slá og í fjölþraut.

2. þrep 12 ára og yngri: Nína Karen Jóhannsdóttir varð í 1. sæti á stökki og 2. sæti á tvíslá. Harpa Hrönn Egilsdóttir varð í 1. sæti á gólfi.

3. þrep 12 ára: Arnheiður Maja Elmarsdóttir varð í 1. sæti á tvíslá og gólfi.

Úrvalshópar

Grótta átti tvær fimleikakonur í úrvalshópi kvenna, þær Freyju Hannesdóttur og Nönnu Guðmundsdóttur. Í úrvalshópi unglinga voru fjórar Gróttu stúlkur, þær Auður Anna Þorbjarnardóttir, Ásdís Erna Indriðadóttir, Lovísa Jóhannsdóttir og Ragnhildur Emilía Gottskálksdóttir.

Landsliðsverkefni

Auður Anna Þorbjarnardóttir var í unglingalandsliði Íslands á Norðurlandamótinu. Hún var stigahæst íslensku stúlknanna í fjölþraut á mótinu. Nanna Guðmundsdóttir var einnig valin í landslið fyrir mótið en gat ekki keppt vegna meiðsla.

Freyja Hannesdóttir og Lovísa Anna Jóhannsdóttir voru í æfingahóp fyrir Norður Evrópumótið. Þeim var boðið í æfingahelgi til Keflavíkur með kvennalandsliðinu í lok nóvember.

Hæfileikamótun

Fimleikasambandið byrjaði með hæfileikamótun haustið 2022. Fimm Gróttu stúlkur fengu að taka þátt í verkefninu, þær Ása Agnarsdóttir, Eldey Erla Hauksdóttir, Harpa Hrönn Egilsdóttir, Maríanna Káradóttir og Nína Karen Jóhannsdóttir.

Woodward æfingabúðir

Sautján áhaldafimleika stúlkur á aldrinum 11-16 ára fóru í Woodward æfingabúðirnar í Pennsylvaníu-ríki í Bandaríkjunum í viku sumarið 2022. Mikil eftirvænting var í hópnum sem að hafði lengi beðið eftir að komast í ferðina. Ferðin var vel heppnuð og stelpurnar æfðu af kappi tvisvar á dag og tóku þess á milli þátt í tómstundum sem að boðið var upp á á svæðinu. Í haust bárust svo fregnir af því að frá og með næsta sumri verður hætt að bjóða upp á fimleika í Woodward. Fimleikadeildin hefur farið með hópa til Woodward fjórum sinnum og þykir okkur mjög leitt að geta ekki farið með fleiri hópa þangað.

Vinamót í áhaldafimleikum 2022:

Við tókum þátt í nokkrum vinamótum í 3.-6. þrepi á árinu. Iðkendur okkar stóðu sig vel og voru til fyrirmyndar á mótunum og komu heim með jákvæða keppnisreynslu og fjöldan allan af verðlaunum.

Ofurhetjumót Gróttu

Mótið fór fram í mars, 76 Gróttu stúlkur kepptu á mótinu í 3.- 6. þrepi.

Mínervumótið

Mótið fór fram í Björk í maí, 61 Gróttu stúlka keppti á mótinu í 4.- 5. þrepi.

Aðventumót Ármanns

Mótið fór fram í lok nóvember. Grótta sendi samtals 80 keppendur á mótið í 3.-6. þrepi , 67 stúlkur og 13 drengi.

Hópfimleikar

Iðkendum í hópfimleikadeild Gróttu hefur fjölgað mikið síðustu ár og aldrei hafa fleiri iðkendur verið í deildinni. Í ár vorum við með 10 hópfimleikalið, frá 4. flokki upp í meistaraflokk. Einnig hófu nýjir hópfimleikaþjálfarar störf á árinu sem hefur haft jákvæð áhrif á uppbyggingu deildarinnar.

Hér er samantekt yfir helsta árangur ársins:

GK mót 2022

2. flokkur A lenti í 2. sæti samanlagt og lentu í 1. sæti í gólfæfingum.

Haustmót í stökkfimi 2022

2. flokkur B lenti í 3. sæti á Haustmóti í stökkfimi.

Bikarmót 2022

Meistaraflokkur Gróttu átti í fyrsta skipti í 14 ár lið í meistaraflokki í hópfimleikum á bikarmóti þann 27. febrúar 2022. Liðið endaði í 4. sæti.

2. flokkur A lenti í 3 sæti samanlagt og urðu bikarmeistarar í gólfæfingum.

2. flokkur B urðu bikarmeistarar í stökkfimi

KKE (strákarnir) kepptu í stökkfimi og urðu bikarmeistarar.

Í fyrsta skipti í hópfimleikum var haldið svokallað Mótaraðarmót. Á þessu móti var keppt eftir Code of Points, reglum fyrir unglinga. Þar gátu iðkendur 13 ára og eldri tekið þátt og kepptu allir iðkendur undir sama flokki óháð aldri. Markmið mótaraðarinnar er að leyfa fleiri iðkendum að fá keppnisreynslu og njóta sín í gólfæfingum. Einnig ýta undir möguleikann að prófa ný stökk í keppni þar sem keppt er í svokallaða “semi-lendingu” sem er mýkri lending en hefðbundin keppnislending.

Mótaröðin 2022
Var haldin á Akureyri í mars þar sem keppendur í **meistaraflokki** og **2. flokki A** tóku þátt á. Þetta var nýtt fyrirkomulag af móti sem var gríðarlega góð keppnisreynsla og upplifun fyrir stelpurnar. Bæði lið voru að prófa ný stökk og æfingar.

Íslandsmót í hópfimleikum 2022
2. flokkur A urðu Íslandsmeistarar í gólfæfingum

Íslandsmót í stökkfimi 2022
KKE urðu Íslandsmeistarar í sínum flokki

Æfingabúðir til Ollerup
Iðkendur í 3.- og 2. flokki fóru í æfingabúðir til Ollerup í Danmörku í lok júlí-byrjun ágúst 2022.

Í Ollerup voru iðkendur frá mörgum löndum komnir saman í æfingabúðir og var öllum iðkendum skipt upp í hópa þar sem þau æfðu saman alla dagana. Stelpurnar fóru á 2-3 æfingar á dag en inn á milli fengu þær að fara í sund, leiki og aðrar afþreyingar, þær fóru m.a. á dansæfingar, tækniæfingar og stökkæfingar. Reyndir þjálfarar frá Ollerup þjálfuðu stelpurnar á meðan þjálfarar frá Gróttu voru sjálfir á námskeiði á vegum Ollerup. Bæði iðkendur og þjálfarar lærðu ótrúlega mikið og skemmtu sér vel.

Nýtt tímabil 2022-2023
Meistaraflokkur Gróttu hóf samstarf með meistaraflokki Ármanns.

Mótaröð 1 2022
Fyrsta mót tímabilsins var mótaröð 1 sem var haldin á Akranesi. **1. flokkur** Gróttu lenti þar í 3.sæti samanlagt af 17 liðum. **Ármann/Grótta** (meistaraflokkur) var að keppa í fyrsta skipti í nýju samstarfi og stóð liðið sig vel á mótinu.

Haustmót 1 í hópfimleikum og stökkfimi 2022
Haustmót yngri flokka var haldið á Selfoss þar sem Grótta átti 5 lið í stökkfimi og stóðu liðin sig mjög vel. Grótta átti eitt lið í hópfimleikum í **4. flokki** og stóðu þær sig einnig mjög vel á mótinu.

Haustmót 2 í hópfimleikum 2022
Grótta fór með gríðarlega mikinn fjölda iðkenda úr hópfimleikadeildinni í keppnisferð til Egilsstaða þar sem haustmót eldri flokka var haldið. Grótta átti lið í **3.-2.-1.-** og **meistaraflokki** og stóðu allir iðkendur sig mjög vel á mótinu. Ferðin gekk heilt yfir ótrúlega vel og situr eftir sem góð minning fyrir iðkendur og þjálfara.

Viðburðir grunnhópa
Síðastliðin ár hefur verið aukin áhersla á að bæta viðburði hjá grunnhópum fimleikadeildarinnar. Því var farið í þá vinnu að búa til viðburðadagatal fyrir grunnhópa sem finna má á heimasíðu Gróttu. Haustönnin byrjaði á foreldrafundum fyrir alla grunnhópa deildarinnar. Þar var farið yfir hvað væri framundan á komandi fimleikaári. Viðburðir á borð við bangsadag, þemadaga og búningadaga eru vinsælir hjá iðkendum og brjóta upp hversdagsleikann. Ásamt því tóku elstu grunnhóparnir, iðkendur fæddir 2013, þátt á Ofurhetjumóti Gróttu í byrjun mars árið 2022 og tóku þar sín fyrstu skref í keppni. Foreldraæfing var síðan haldin fyrir iðkendur fædda 2014, á þeirri æfingu komu foreldrar/forráðamenn inn í sal og tóku þátt á æfingunni.

Freyja Hannesardóttir

Lovísa Anna Jóhannsdóttir

3. Flokkur

Viðurkenningar

Freyja Hannesardóttir var valin íþróttakona ársins 2022 hjá Gróttu.

Viðurkenning landsliðsfólks á Seltjarnarnesi:
Auður Anna Þorbjarnardóttir var í unglingalandsliði Íslands í áhaldafimleikum á NM 2022.

Viðurkenning fyrir efnilegt íþróttafólk undir 15 ára:
Harpa Hrönn Egilsdóttir, áhaldafimleikar
Kolfinna Orradóttir, hópfimleikar

Viðurkenning fyrir íslandsmeistara og bikarmeistara á árinu:
Auður Anna Þorbjarnardóttir varð íslandsmeistari unglinga á gólfi

Bikarmeistarar í 1. þrepi 2022:
Auður Anna Þorbjarnardóttir
Ásdís Erna Indriðadóttir
Lovísa Anna Jóhannsdóttir
Maríanna Káradóttir
Ragnhildur E. Gottskálksdóttir

Bikarmeistarar í 3. þrepi 2022:
Arnheiður Maja Elmarsdóttir
Ása Agnarsdóttir
Eldey Erla Hauksdóttir
Harpa Hrönn Egilsdóttir
Hildur Monika Einarsdóttir
Nína Karen Jóhannsdóttir

Viðurkenningar sjálfboðaliða:
Eyjólfur Garðarsson

Lokaorð - stjórnin

Hvað er framundan?
Við ætlum að halda ótrauð áfram í að bæta okkur á öllum sviðum sem varða deildina. Það skiptir máli að þjálfarar, iðkendur og aðrir sem koma að daglegum rekstri hennar vinni saman. Ánægðir iðkendur og þjálfarar eru grunnur að góðu starfi.

Lærdómur ársins
Góður rekstur fimleikadeildar er lykilatriði til að hægt sé að sinna starfinu sem skyldi. Fimleikadeildin ákvað fyrir síðasta vetur að hækka ekki æfingagjöld, til að sýna forráðamönnum iðkenda þakklæti í verki fyrir stuðninginn í gegnum heimsfaraldurinn. Ljóst er hins vegar að vaxandi kostnaður kallar á hækkanir gjalda komandi vetur.

Framtíðarsýn
Að fimleikadeild Gróttu haldi áfram að vera aðdráttarafl fyrir börn og ungmenni á Nesinu og Vesturbænum til að stunda góða hreyfingu sem getur verið undirstaða þeirra út lífið. Við viljum að öll hafi tækifæri til að æfa fimleika og að hugarfarið sé fimleikar fyrir alla. Einnig viljum við byggja upp afreksfólk í greininni og hlúa vel að iðkendum okkar á afreksstigi. Þá er það í höndum okkar að skipuleggja starfið þannig að hvert og eitt fái þjálfun við sitt hæfi. Fimleikar reyna ekki einungis á líkamlegan styrk heldur einnig á andlegan sem er ekki síður mikilvægur. Þrautseigja, eljusemi og sjálfstraust er mikilvægt í okkar íþrótt og viljum við efla þá eiginleika hjá iðkendum okkar eftir fremsta megni.

F.h stjórnar fimleikadeildar Gróttu,
Guðjón Rúnarsson, formaður

Hertz
Hertz
CRAFT
VIVALDI

Skýrsla
handknattleiksdeildar
Gróttu

Arnkell Bergmann Arnkelsson

Ávarp formanns

Það má með sanni segja að handboltastarfið í Gróttu sé óðum að ná fyrri styrk. Tímabilið 2021-2022 endaði þannig að meistaraflokkur kvenna tapaði í umspili fyrir HK um að komast upp í Olísdeildina. Strákarnir voru grátlega nálægt því að komast í úrslitakeppnina en þrjú lið enduðu jöfn að stigum og endaði liðið í 10.sætinu á innbyrðisúrslitum við Fram og Aftureldingu.

Í sumar skiptu bæði lið um þjálfarateymi en Róbert Gunnarsson og Davíð Örn Hlöðversson tóku við karlaliðinu af Arnari Daða Arnarssyni og Maksim Akbachev. Gunnar Gunnarsson og Sigríður Unnur Jónsdóttir tóku við kvennaliðinu af Kára Garðarssyni og Davíð Erni Hlöðverssyni. Í febrúar 2023 óskaði Gunnar Gunnarsson eftir að láta af störfum vegna anna í vinnu og tók Sigurjón Friðbjörn Björnsson við af honum. Við þökkum Arnari Daða, Gunna Gunn, Kára og Maks fyrir vel unnin störf fyrir félagið.

Liðin hafa leikið skemmtilegan og árangursríkan handbolta í vetur. Strákarnir leika í Olísdeildinni og eru þegar þetta er skrifað í harðri baráttu við Hauka um að komast í úrslitakeppnina sem yrði í fyrsta skipti í 6 ár. Stelpurnar leika í Grill 66-deildinni og er komnar í umspil um laust sæti í Olísdeildinni að ári. Þar mæta þær ÍR-ingum í undanúrslitum um miðjan apríl.

Starf yngri flokka deildarinnar er í frábærum málum og hefur krökkum sem iðka handbolta hjá félaginu fjölgað mikið á seinustu mánuðum. Brýnustu verkefni næstu mánaða er að halda áfram þessum vexti en hlúa á sama tíma áfram vel að þessum frábæru iðkendum okkar og ekki síst þegar kemur á unglingsárin.

Stjórn handknattleiksdeildar þakkar öllum þeim sem tóku þátt í starfinu fyrir ómetanlegar stundir.

Sjáumst í Hertz-höllinni !

Arnkell Bergmann Arnkelsson,
formaður handknattleiksdeildar

Skýrsla stjórnar

Á aðalfundi handknattleiksdeildar Gróttu 2022 var stjórn kosin og hana skipaði Ásmundur Einarsson formaður, Arnkell Bergmann Arnkelsson varaformaður, Gylfi Magnússon gjaldkeri og Viggó Kristjánsson meðstjórnandi. Auk þess sitja Arndís María Erlingsdóttir, Eva Björk Hlöðversdóttir, Guðrún Dóra Bjarnadóttir, Hulda Björk Halldórsdóttir, Kristín Sif Kristjánsdóttir, Páll Gíslason og Sunna Stefánsdóttir í barna- og unglingaráði deildarinnar.

Þann 24.júlí var Ásmundur Einarsson formaður deildarinnar bráðkvaddur. Ási var driffjöður deildarinnar og hafði unnið mikla og óeigingjarna vinnu í þágu deildarinnar í mörg ár. Ása verður sárt saknað enda mikill félagsmaður. Í byrjun september var haldinn minningarleikur Ása þar sem meistaraflokkur kvenna mætti U18 ára landsliði Íslands. Dóttir Ása, Katrín Anna Ásmundsdóttir lék með báðum liðunum í leiknum sem endaði með eins marks sigri Gróttu, 25-24. Yfir 700 áhorfendur mættu á völlinn og studdu gott málefni en allur ágóði rann í styrktarsjóð barna Ása.

Þegar Ási féll frá stigu tveir gamlir Gróttumenn inn í stjórn deildarinnar til að létta stjórnarmönnum verkin. Það voru þeir Júlíus Þórir Stefánsson og Ólafur Finnbogason. Stjórn deildarinnar eru því skipuð fimm meðlimum í dag.

Meistaraflokkar karla

Meistaraflokkur karla lék í efstu deild íslensks handknattleiks, Olísdeildinni tímabilið 2021-2022. Þjálfari liðsins var Arnar Daði Arnarsson og honum til aðstoðar var Maksim Akbachev. Liðið lék vel þrátt fyrir að stigasöfnunin hafi verið erfið fyrri hluta vetrar. Það var ekki fyrr en eftir áramót sem sigrarnir hrúguðust inn en þegar uppi var staðið endaði liðið í 10.sæti og var grátlega nálægt sæti í úrslitakeppninni. Í janúar vann liðið UMSK-mótið og var Einar Baldvin Baldvinsson valinn besti markvörðurinn og Hannes Grimm besti varnarmaðurinn. Sumarið 2022 urðu þjálfaraskipti hjá liðinu en Arnar Daði Arnarsson og Maksim Akbachev létu af störfum en í þeirra stað komu Róbert Gunnarsson og Davíð Örn Hlöðversson. Nokkir leikmenn komu til liðs við Gróttu og má helst nefna Þorgeir Bjarka Davíðsson, Elvar Otra Hjálmarsson og Theis Koch Söndergaard. Núna í vetur, tímabilið 2022-2023 er Gróttuliðið á svipuðum slóðum í deildinni. Leikir liðsins hafa verið jafnir og skemmtilegir. Sumir þeirra hafa tapast með minnsta mögulega mun en sama má segja með sigrana. Liðið situr sem stendur í 9.sæti Olísdeildarinnar þegar þetta er skrifað og hefur náð góðum árangri í leikjunum hingað til. Grótta hefur tapað naumlega gegn bestu liðum landsins, unnið verðskuldað leiki gegn virkilega sterkum liðum og spilað feikilega skemmtilegan handbolta.

Meistaraflokkar kvenna

Meistaraflokkur kvenna lék í næstefstu deild kvenna, Grill 66-deildinni tímabilið 2021-2022 og hefur verið í baráttu um að komast upp á meðal bestu liða landsins um nokkurra ára skeið. Þjálfari liðsins var Kári Garðarsson og honum til aðstoðar var Davíð Örn Hlöðversson. Liðið endaði í 5.sæti deildarinnar og komst þar af leiðandi í umspil um sæti í Olísdeildinni. Liðið mætti Olísdeildarliði HK í undanúrslitum en tapaði báðum viðureignunum. Grótta lék því aftur í Grill 66-deildinni tímabilið 2022-2023. Um sumarið urðu þjálfaraskipti en Kári og Davíð Örn létu af störfum og Gunnar Gunnarsson ásamt Sigríði Unni Jónsdóttur tóku við liðinu. Nokkrir leikmenn komu til liðs við liðið og má þar nefna Ídu Margréti Stefánsdóttur sem kom aftur á láni til Gróttu og leikstjórnandann Þóru Maríu Sigurjónsdóttur. Í febrúar urðu þjálfaraskipti en þá hætti Gunnar Gunnarsson vegna anna og Sigurjón Friðbjörn Björnsson tók við. Enn fremur gengu tveir markmenn til liðs við Gróttu, Soffía Steingrímsdóttir sem kom á láni frá Fram og Inga Guðmundsdóttir frá HK. Þegar þetta er skrifað er liðið í 3.sæti deildarinnar og framundan er umspil um sæti í Olísdeildinni. Gróttuliðið hefur átt nokkra frábæra leiki í vetur og síðan tapað nokkrum mikilvægum stigum í mikilli baráttu í deildinni. Næstu verkefni liðsins er að halda þessum flotta kjarna í Gróttuliðinu og styrkja liðið til að það geti komist upp í Olísdeildina þar sem Grótta á heima.

Ungmennalið karla

Handknattleiksdeild Gróttu tefldi fram í annað skiptið í röð ungmennaliði karla. Í ungmennaliði eru leikmenn gjaldgengir sem eru 23 ára og yngri. Markmiðið með ungmennaliði Gróttu er að gefa ungum leikmönnum félagsins tækifæri til að spila í meistaraflokki fyrr en ella. Leikmenn félagsins sem hafa ekki drauma til þess að verða afreksmenn í íþróttinni en vilja samt sem áður sinna áhugamálinu sínu geta áfram leikið undir merkjum Gróttu í ungmennaliði. Með því að leika í 2.deildinni fá leikmenn í yngri flokkum félagsins fyrr tækifæri að leika með meistaraflokki og eru þá enn tilbúnari undir alvöruna í Olísdeildinni þegar kallið kemur þangað. Þegar þetta er skrifað er Gróttuliðið í 3.sæti 2.deildar og hefur reynsla ungra leikmanna verið dýrmæt í vetur.

Fjáraflanir og rekstur
Heimsfaraldurinn setti stórt strik í reikninginn í rekstri handknattleiksdeildar Gróttu fyrri hluta árs 2022. Þorrablótinu var frestað auk þess sem takmarkanir á áhorfendafjölda á heimaleikjum meistaraflokka gerði reksturinn erfiðari. Sumarið fór í að fjölga styrktaraðilum deildarinnar auk þess sem VIP-klúbbur var stofnaður. Í september var haldið Verbúðarball í íþróttahúsinu. Uppselt var á ballið og mikil stemning. Um haustið héldu handknattleiksdeild og knattspyrnudeild í sameiningu herrakvöld og kvennakvöld í hátíðarsal félagsins. Bæði kvöldin heppnuðust frábærlega.

Verðlaun
Á lokahófi handknattleiksdeildar Gróttu laugardaginn 14.maí komu leikmenn, þjálfarar, stjórn og sjálfboðaliðar og fögnuðu góðu tímabili. Á lokahófinu voru þeir leikmenn verðlaunaðir sem þóttu skara fram úr á tímabilinu. Í meistaraflokki kvenna var Lilja Hrund Stefánsdóttir valinn efnilegasti leikmaður tímabilsins, mikilvægasti leikmaðurinn var Valgerður Helga Ísaksdóttir og Rut Bernódusdóttir besti leikmaðurinn. Hjá meistaraflokki karla var Andri Þór Helgason og Einar Baldvin Baldvinsson báðir valdir mikilvægustu leikmenn liðsins og Birgir Steinn Jónsson besti leikmaðurinn. Hjá ungmennalið Gróttu var Oliver Magnússon valinn mikilvægasti leikmaðurinn og Daníel Andri Valtýsson besti leikmaðurinn.

Sex leikmenn voru verðlaunaðir fyrir 50 leiki fyrir Gróttu. Það voru Anna Katrín Stefánsdóttir, Ari Pétur Eiríksson, Hrafnhildur Hekla Grímsdóttir, Jakob Ingi Stefánsson, Katrín Anna Ásmundsdóttir og Valgerður Helga Ísaksdóttir. Tveir leikmenn voru verðlaunaðir fyrir 100 leiki en það voru Guðrún Þorláksdóttir og Soffía Steingrímsdóttir.

Kjör íþróttamanns og íþróttakonu Gróttu fór fram í byrjun árs 2023. Frá handknattleiksdeild voru Birgir Steinn Jónsson og Katrín Anna Ásmundsdóttir tilnefnd. Bæði áttu þau frábært ár fyrir Gróttu en hlutu því miður ekki nafnbótina að þessu sinni. Antoine Óskar Pantano og Gísli Örn Alfreðsson voru tilnefndir fyrir hönd handboltans til íþróttamanns æskunnar. Antoine stóð uppi sem sigurvegari. Katrín Scheving og Lilja Hrund Stefánsdóttir voru tilnefndar til íþróttakonu æskunnar en hlutu ekki nafnbótina að þessu sinni. Maksim Akbachev var valinn þjálfari ársins úr herbúðum Gróttu og Arnkell Bergmann Arnkelsson var valinn sjálfboðaliði ársins úr herbúðum handknattleiksdeildar.

Kjör íþróttamanns og íþróttakonu Seltjarnarness fór fram í lok janúar. Hannes Grimm og Rut Bernódusdóttir voru tilnefnd frá handknattleiksdeild Gróttu en hlutu því miður ekki verðlaunin að þessu sinni. Arnar Bernódusson, Arna Katrín Viggósdóttir, Helgi Skírnir Magnússon og Kristín Fríða Sc. Thorsteinsson voru útnefnt ungt og efnileg íþróttafólk á Seltjarnarnesi.

Landsliðsfólk
Fjölmargir iðkendur Gróttu voru valdir í landsliðsverkefni, hæfileikamótun og handboltaskóla á vegum HSÍ á árinu 2022. Hæst ber að nefna Antoine Óskar Pantano og Alex Kára Þórhallsson sem léku sína fyrstu landsleiki þegar U16 ára landsliðið atti kappi við Færeyinga í tvígang í vináttulandsleikjum í júní. Katrín Anna Ásmundsdóttir var lykilleikmaður með U18 ára landsliði kvenna sem fór á kostum á HM í Norður Makedóníu og endaði í 8. sæti mótsins.

Sjö leikmenn voru valdir til þátttöku með Reykjavíkurúrvalinu á árinu. Sex strákar; Alex Kári Þórhallsson,

Antoine Óskar Pantano, Bessi Teitsson, Hannes Pétur Hauksson, Hrafn Ingi Jóhannsson og Viðar Sigurjón Helgason léku á Balaton Cup í Ungverjalandi og unnu til bronsverðlauna. Arna Katrín Viggósdóttir var valin til þátttöku á höfuðborgarleikunum í Osló þar sem Reykjavík endaði í öðru sæti mótsins.

Starf yngri flokka

Starf yngri flokkanna í handboltanum var viðamikið á árinu líkt og undanfarin ár. Skráðir iðkendur hjá félaginu í 3. – 9. flokki drengja og stúlkna fjölgaði mikið á milli ári og voru rúmlega 370. Þessi fjölgun endurspeglar kraftinn og metnaðinn í starfi yngri flokka sem hefur verið áberandi undanfarin ár. Maksim Akbachev hélt áfram störfum sem yfirþjálfari yngri flokka en mikil ánægja hefur verið með störf hans. Hann hefur þó ákveðið að láta gott heita sem yfirþjálfari og er leit hafin að eftirmanni hans sem mun taka við af góðu búi.

Grótta hélt fimm mót í mótaröð HSÍ á árinu og gengu þau öll afar vel. Mikil ánægja var með foreldra og þjálfara sem mættu á staðinn þar sem mótin einkenndust af metnaði og góðri skipulagninu.

9.flokkur karla og kvenna hélt áfram að vaxa og dafna en algjör metfjöldi iðkenda var skráður til leiks í haust og hefur haldist í vetur en flokkurinn æfir einu sinni í viku á laugardögum. Þetta er annað árið sem 9. flokkur er starfandi og má segja að þessi ákvörðun hafi slegið í gegn frá fyrsta degi. Grótta er í samstarfi við KR í þremur flokkum, 4.flokki, 5.flokki og 6.flokki og hefur það samstarf gengið vel og standa vonir til að samstarfið eigi eftir að styrkjast enn frekar á komandi árum. Á árinu var farið í átak til að fjölga iðkendum úr vesturbænum sem gekk afar vel, en mikil fjölgun hefur verið á iðkendum hjá KR t.d. í 7. og 8. flokki karla og kvenna. Ánægjulegt er að sjá stóra hópa koma saman í 4. og 5. flokki yfir bæjarmörkin, sameinast jafnöldrum sínum af Nesinu og búa til góða heild í Gróttu/KR.

Allir flokkar Gróttu að frátöldum 9.flokki tefla fram liði eða liðum í Íslandsmóti í ár og hefur góður árangur náðst yfir heildina. Okkar lið hafa verið til fyrirmyndar innan og utan vallar og greinilegt að vel er haldið utan um starfið hjá okkur í Gróttu. Við getum verið stolt af okkar þjálfurum sem eru metnaðarfullir og sýna öllum iðkendum mikinn áhuga. Þetta hefur skilað sér í fjölgun iðkenda og mikilli ánægju foreldra. Þó er ákveðið áhyggjuefni að iðkendum virðist fækka þegar komið er í eldri flokka, sér í lagi kvennamegin. Það er vilji Gróttu að skila iðkendum alla leið í meistaraflokka og vonandi er hægt að styrkja starfið enn frekar svo ungmenni velji að halda áfram að spila handbolta í Gróttu.

Það eru spennandi tímar á Nesinu um þessar mundir og framtíðin einkar björt!

Aðstöðumál

Mikil fjölgun og mikill drifkraftur er í starfi handknattleiksdeildar þessi misserin. Flokkarnir stækka og keppnisflokkum fjölgar. Stóri keppnissalurinn í íþróttahúsinu er frábær æfinga- og keppnissalur en hann er því miður ekki nóg. Undanfarna áratugi hefur deildin nýtt litla salinn einnig til æfinga en honum hefur hrakað undanfarin ár. Flokkar félagsins hafa reynt að forðast að æfa í salnum og hafa komist upp með það með því að sameina æfingar og hafa þær í stóra salnum. Ástæðan er gólfið sem er alltof sleipt enda meira en tveggja áratuga gamall dúkur á gólfinu. Allar æfingar sem snúa að snerpu og stefnubreytingum þurfa að bíða betri tíma þar sem gólfið er alltof sleipt. Við fögnum hverri meiðslalausri æfingaviku en það kemur að því að alvarlegt slys verður í salnum.

Ef við horfum ár eða tvö ár fram í tímann þá þurfa elstu flokkarnir fleiri æfingatíma enda flokkarnir orðnir stærri og þurfa þá að nota litla salinn oftar. Yngstu flokkar handknattleiksdeildar eru mjög fjölmennir og munu æfingatímar flokkanna því fjölga jafnt og þétt næstu árin.

Það sem þarf að gera er að skipta um undirlag og það helst í gær. Við sjáum tvær leiðir í því:

1. Skipta um undirlag og setja parket á litla salinn

2. Setja parket á og stækka litla salinn þannig að salurinn verði í fullri breidd fyrir handknattleiksiðkun en lengdin áfram skert (20x30 m). Það þarf að taka helminginn af stúkunni (eða alla stúkuna) og þar með minnka og skipuleggja áhaldageymslur betur.
Handknattleiksdeild Gróttu mælir með að leið tvö verði fyrir valinu enda er horft til framtíðar við það val. Afreksflokkar félagsins gætu æft í litla salnum og yngri flokkar gætu æft þar án áhættu á meiðslum og æft alla þætti handknattleiks.

Ef horft er á stóru myndina þá er litli salurinn notaður í meira en bara æfingar hjá handknattleiksdeild Gróttu. Salurinn er einnig notaður fyrir íþróttakennslu og fyrir útleigu á kvöldin og um helgar. Litli salurinn verður mun áhugaverðari til útleigu ef það yrði sett parket á gólfið og hann yrði stækkaður lítillega.

Mannauður

Stjórn

Arnkell Bergmann Arnkelsson

Gylfi Magnússon

Júlíus Þórir Stefánsson

Ólafur Finnbogason

Viggó Kristjánsson

Þjálfarar árið 2022

Meistaraflokkur karla		Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Aðalþjálfari	Róbert Gunnarsson	1
Aðstoðarþjálfari	Davíð Örn Hlöðversson	18
Styrktarþjálfari	Ægir Steinarsson	8
Sjúkraþjálfari	Lúðvík Már Matthíasson	1

Meistaraflokkur kvenna		Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Aðalþjálfari	Sigurjón Friðbjörn Björnsson	1
Aðstoðarþjálfari	Sigríður Unnur Jónsdóttir	1
Styrktarþjálfari	Ægir Steinarsson	8
Sjúkraþjálfari	Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir	4

Flokkur	Þjálfari	Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
3.fl. karla	Andri Sigfússon	B.Sc. Íþróttafræðingur	16
4.fl. karla	Andri Sigfússon	B.Sc. Íþróttafræðingur	16
4.fl. kvenna	Maksim Akbachev	B.Sc Viðskipafræðingur	3
5.fl. karla	Maksim Akbachev	B.Sc Viðskipafræðingur	3
5.fl. kvenna	Patrekur Pétursson Sanko	Framhaldsskólanemi	5
5.fl. kvenna	Ída Margrét Stefánsdóttir	Háskólanemi	1
6.fl. karla	Andri Sigfússon	B.Sc. Íþróttafræðingur	16
6.fl. karla	Antoine Óskar Pantano	Framhaldsskólanemi	2
6.fl. karla	Bessi Teitsson	Framhaldsskólanemi	1
6.fl. karla	Kári Kvaran	Háskólanemi	1
6.fl. karla	Viðar Sigurjón Helgason	Framhaldsskólanemi	1
6.fl. kvenna	Andrea Rut Eiríksdóttir	Háskólanemi	8
6.fl. kvenna	Katrín Scheving	Framhaldsskólanemi	1
7.fl. karla	Hannes Grimm	Framhaldsskólanemi	8
7.fl. karla	Theis Koch Søndergård	Háskólanemi	1
7.fl. karla	Dóra Elísabet Gylfdóttir	Grunnskólanemi	1
7.fl. karla	Elísabet Ása Einarsdóttir	Grunnskólanemi	1
7.fl. karla	Helgi Skírnir Magnússon	Grunnskólanemi	2
7.fl. karla	Þröstur Blær Guðmundsson	Grunnskólanemi	2
7.fl. kvenna	Ari Pétur Eiríksson	Framhaldsskólanemi	4
7.fl. kvenna	Arndís Áslaug Grímsdóttir	Grunnskólanemi	1
7.fl. kvenna	Elísabet Ása Einarsdóttir	Grunnskólanemi	1
8.fl. karla	Birgir Steinn Jónsson	B.A.í sálfræði	2
8.fl. karla	Theis Koch Søndergård	Háskólanemi	1
8.fl. karla	Antoine Óskar Pantano	Framhaldsskólanemi	2
8.fl. karla	Dóra Elísabet Gylfdóttir	Grunnskólanemi	1
8.fl. karla	Elísabet Ása Einarsdóttir	Grunnskólanemi	1
8.fl. karla	Þröstur Blær Guðmundsson	Grunnskólanemi	2
8.fl. kvenna	Hrafnhildur Hekla Grímsdóttir	Háskólanemi	2
8.fl. kvenna	Elísabet Ása Einarsdóttir	Grunnskólanemi	1
8.fl. kvenna	Dóra Elísabet Gylfadóttir	Grunnskólanemi	1
8.fl. kvenna	Helgi Skírnir Magnússon	Grunnskólanemi	2
7. - 8.fl.kk Grótta/KR	Sigurður Finnbogi Sæmundsson	M.S. líffræðingur	1
7. - 8.fl.kk Grótta/KR	Gísli Örn Alfreðsson	Framhaldsskólanemi	1
7. - 8.fl.kk Grótta/KR	Kári Benediktsson	Framhaldsskólanemi	1
7. - 8.fl.kvk Grótta/KR	Katrín Scheving	Framhaldsskólanemi	1
9.flokkur	Arndís María Erlingsdóttir	B.Ed. Grunnskólakennari	13
9.flokkur	Íris Björk Símonardóttir	Hjúkrunarfræðingur	2
9.flokkur	Embla Hjaltadóttir	Grunnskólanemi	1
9.flokkur	Katrín Scheving	Framhaldsskólanemi	1
9.flokkur	Viðar Sigurjón Helgason	Framhaldsskólanemi	1
Markmannsþjálfun	Einar Baldvin Baldvinsson	Stúdentspróf	2

Starfsmenn

Maksim Akbachev
Yfirþjálfari yngri flokka

Andri Sigfússon
Verkefnastjóri

Næstu verkefni og áskoranir handknattleiksdeildar Gróttu eru að halda áfram að fjölga iðkendum í yngri flokkunum. Nokkrir árgangar eru fámennir og vonandi mun tíminn hjálpa okkur að stoppa í þau göt. Á sama tíma er mikilvægt að viðhalda og bæta í gæði þjálfunar og þjálfara hjá deildinni.

Það er mikilvægt að halda vel undan um þá styrktaraðila sem styrkja deildina og fjölga þeim. Seltjarnarnesbær er öflugasti styrktaraðili deildarinnar og færum við þeim bestu þakkir.

Að lokum viljum við þakka ÍTS, styrktaraðilum fyrir öflugan stuðning við deildina. Starfsmönnum skrifstofu Gróttu og íþróttahússins, og öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögðu okkur lið þökkum við ómetanlega hjálp.

URSUS
errea
VIVALDI

Skýrsla
knattspyrnudeildar
Gróttu

Þorsteinn Ingason, formaður

Ávarp formanns

Kæra Gróttufólk,

Nú líður senn að aðalfundi félagsins og af því tilefni er gefin út vegleg ársskýrsla félagsins. Stutt samantekt um starfsemi knattspyrnudeildar fer hér á eftir á næstu síðum. Óhætt er að segja að ég sé stoltur af starfi knattspyrnudeildar á liðnu ári og langar að nýta tækifærið og þakka öllu því góða fólki sem komið hefur að starfinu með einum eða öðrum hætti, hvort heldur sem er starfsmönnum deildarinnar og skrifstofu félagsins, iðkendum yngri flokka, leikmönnum meistaraflokka, foreldrum, sjálfboðaliðum, bakhjörlum og öðrum velunnurum. Kraftur deildarinnar býr að sjálfsögðu fyrst og fremst í mannauðnum sem kemur að starfinu hverju sinni.

Knattspyrnudeild hefur haldið áfram að vaxa og dafna. Aldrei hafa fleiri iðkendur verið skráðir hjá deildinni eins og núna, eða um 370 talsins, en þá eru leikmenn meistaraflokka ekki meðtaldir. Með þeim fer iðkendafjöldinn yfir 400. Ekki amaleg tala það. Þjálfarar í yngri flokka starfinu eiga að sjálfsögðu sérstakt hrós skilið en fjölgun iðkenda er auðvitað þeim helst að þakka. Eftirtektarverður árangur hefur náðst í fjölgun yngstu iðkenda deildarinnar og sífellt er reynt að fylgjast með og koma í veg fyrir brottfall úr eldri hópum. Meistaraflokkar félagsins stóðu sig afar vel á liðnu keppnistímabili, en kvennaliðið tryggði sér sæti í Lengjudeildinni að nýju og karlaliðið endaði í þriðja sæti Lengjudeildarinnar og kemur því til með að leika þar þriðja árið í röð á komandi sumri. Það er ekkert leyndarmál að eitt af markmiðum meistaraflokkanna hefur verið að ná ákveðnum stöðugleika, sem nú er kominn grunnur að og markmiðið að fylgja eftir og byggja ofan á.

Fjölgun iðkenda og auknum umsvifum knattspyrnudeildar fylgja einnig töluverðar áskoranir, ekki síst hvað varðar aðstöðumál. Það er ekki ofsagt að deildin sé búin að sprengja utan af sér. Nú stendur yfir vinna hjá knattspyrnudeild við undirbúning að frekari aðstöðusköpun og hér síðar í skýrslunni er nánar komið inn á þarfir deildarinnar og þær áskoranir sem staðið er frammi fyrir. Mikilvægt er að vanda til þessarar vinnu og nauðsynlegt að knattspyrnudeild geti áfram treyst á stuðning bæjaryfirvalda. Það athugist að ekki verður farið fram á eða gert ráð fyrir einhverjum íburði, munaði eða lúxus, heldur það eitt að áfram verði boðið upp á viðunandi aðstæður sem hæfa starfi deildarinnar í dag og í náinni framtíð. Hér að ofan og síðar í blaðinu koma fram nánari upplýsingar um iðkenda- og æfingafjölda knattspyrnudeildar og ég þori að fullyrða, með vísan til þeirra tölulegu upplýsinga, að umfangsmesta og jafnframt þýðingarmesta frjálsa æskulýðs- og forvarnarstarf barna á Seltjarnarnesi fer fram á Vivaldivelli. Með því er ekki á neinn hallað, heldur eingöngu vísað í fjölda iðkenda við deildina og umfang þess starfs sem þar er innt af hendi. Nauðsynlegt er að stakkur hæfi vexti og aðstaðan uppfylli þarfir deildarinnar.

Líkt og í rekstri margra annarra knattspyrnufélaga hafa verið áskoranir í fjármálum deildarinnar. Sífelld vinna er í gangi til að fjármagna starfsemina og tryggja þannig hvort tveggja, að yngri iðkendur hafi

tækifæri til að iðka íþróttina og fara á mót, sem og að meistaraflokkar félagsins nái þeim markmiðum sem þar hafa verið sett. Í þeim efnum treystum við eftir sem áður á velvild og stuðning bæjarbúa. Fjáraflanir yngri flokka vegna móta sumarsins eru væntanlega í hámarki um þessar mundir og þá fer sala á árskortum á heimaleiki meistaraflokka senn af stað, ef hún er ekki þegar komin í gang þegar ársskýrslan kemur út. Hvet ég bæjarbúa til að taka vel á móti útsendurum deildarinnar, sem vanalega eru iðkendur og/eða sjálfboðaliðar, í öllum þeim margvíslegu fjáröflunarverkefnum sem deildin stendur fyrir. Þá hvet ég bæjarbúa einnig sérstaklega til þess að vera duglega að mæta á völlinn í sumar. Það er aldrei að vita nema boðið verði upp á Höllu-vöfflur og Bæjarstjóraborgara, en ég leyfi mér að fullyrða að hvort tveggja sé í algjörum sérflokki á knattspyrnuvöllum landsins.

Hlakka til að sjá ykkur sem flest á Vivaldivellinum í sumar.

Þorsteinn Ingason,
formaður knattspyrnudeildar

Almennt um deildina

Við rekstur knattspyrnudeildar Gróttu er í mörg horn að líta. Hjartað í félaginu er að sjálfsögðu yngri flokka starfið, þar sem æfingum er haldið úti fyrir iðkendur allt frá 4 ára aldri og upp alla aldursflokka. Allar æfingar eru undir handleiðslu hæfra þjálfara og styður félagið þjálfara deildarinnar til að afla sér þjálfaramenntunar. Iðkendur í yngri flokka starfinu eru nú um 370 og skipulagðar æfingar að jafnaði um 50 á viku. Ef miðað er við 4 æfingar á viku að meðaltali gera það að jafnaði um 1.500 iðkendamætingar í hverri viku. Starf knattspyrnudeildar leikur því lykilhlutverk og er meginstoð í því mikla íþrótta- og tómstundastarfi sem rekið er á Seltjarnarnesi. Rannsóknir hafa sýnt að skipulagt íþróttastarf er eitt besta æskulýðs- og forvarnarstarf sem fyrirfinnst. Við sem komum að starfi knattspyrnudeildar erum því afar stolt að sjá að iðkendum knattspyrnudeildar hefur fjölgað verulega á undanförnum árum. Þannig hefur bæði fjölgað í yngstu hópum deildarinnar, en einnig, og ekki er það síður mikilvægt, hafa iðkendur skilað sér betur upp í eldri flokka. Margir iðkendur stíga einnig sín fyrstu skref í þjálfun innan deildarinnar, oft fyrst sem aðstoðarþjálfarar í yngstu hópunum en með aukinni reynslu síðar sem þjálfarar í eldri flokkum.

Ásamt yngri flokka starfinu eru tvö meistaraflokkslið starfandi innan félagsins. Rekstur meistaraflokka er um margt frábrugðinn rekstri yngri flokka, en hvorugt getur án hins verið. Í stefnu félagsins er innbyggt að meistaraflokkar félagsins verði á hverjum tíma byggðir upp af iðkendum sem hafa verið þátttakendur í yngri flokka starfi félagsins. Þá er afar mikilvægt, til varnar brottfalli í elstu aldurshópunum, að iðkendur sjái tækifæri í því að leika einhvern tímann fyrir meistaraflokk og leikmenn meistaraflokks mikilvægar fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur félagsins. Meistaraflokkarnir draga auk þess að sér töluverðan fjölda fólks á leikina sem spilaðir eru á Vivaldi-velli og gera félagið þannig bæði sýnilegra og aðgengilegra. Þannig styður yngri flokka starfið við starf meistaraflokkanna, og öfugt. En sambandið þar á milli er einnig flóknara. Þannig er það von okkar að sem flestir fyrrum iðkendur verði eindregið stuðningsfólk félagsins, í víðum skilningi þess orðs. Stuðningur félagsfólks getur birst með ýmsum hætti. Sum geta orðið hávær í stúkunni, einhver verða vonandi styrktaraðilar, og enn önnur starfsmenn félagsins. Þá er það eindregin von okkar að sem flestir iðkendur félagsins verði síðar foreldrar nýrra iðkenda hjá félaginu.

Það býr óneitanlega mikill kraftur í þeim mikla mannauð sem knattspyrnudeild býr yfir og sjá má áhrif víða í samfélagi okkar hér á Seltjarnarnesi. Sem dæmi þá mættu trúlega samtals hátt í 5.000 gestir á Vivaldi-völlinn í sumar á leiki meistaraflokkanna. Þá er óminnst á alla þá sem fylgdu yngri flokkum félagsins, hvort heldur sem var í æfingu eða keppni. Iðkendur knattspyrnudeildar standa einnig fyrir umfangsmiklum fjáröflunum til að fjármagna keppnis- og æfingaferðir og hafa með sölu á ýmiss konar varningi og jafnvel þjónustu sparað bæjarbúum ófáar ferðirnar í stórverslanir á höfuðborgarsvæðinu. Bara á árinu sem leið kom knattspyrnudeild einnig að framkvæmd bæjarhátíðar, hátíðahalda í Bakkagarði þann 17. júní, stóð fyrir kvenna- og karlakvöldum og Verbúðarballi ásamt öðrum deildum og skrifstofu félagsins. Þorrablót Seltjarnarness var svo loksins haldið að nýju í lok janúar sl. Eitthvað hefur vísast gleymst í þessari upptalningu, en við blasir að knattspyrnudeild leikur stórt hlutverk í menningarlífi Seltjarnarness og glæðir bæinn lífi.

Mannauður

Stjórn knattspyrnudeildar	Titill	Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Þorsteinn Ingason	Formaður	Lögmaður	7
Harpa Frímannsdóttir	Varaformaður/ Meistaraflokksráð kvenna	Kennari með meistaragráðu í lestrarfræðum	6
Rögnvaldur Dofri Pétursson	Gjaldkeri/ Meistaraflokksráð karla	Viðskiptafræðingur og löggiltur endurskoðandi	11
Alexander Jensen Hjálmarsson	Meðstjórnandi/ Barna- og unglingaráð	Meistaragráða í fjármálum fyrirtækja	5
Helgi Héðinsson	Meðstjórnandi/ Barna- og unglingaráð	Cand.psych gráða í sálfræði	5
Hildur Ólafsdóttir	Meðstjórnandi/ Barna- og unglingaráð	Verkfræðingur, PhD hagnýt stærðfræði	4
Kristín Huld Þorvaldsdóttir	Meðstjórnandi/ Meistaraflokksráð kvenna	MSc í stjórnun og stefnumótun	3
Rúna Guðmundsdóttir	Meðstjórnandi/ Barna- og unglingaráð	Sérfræðingur í fjármálum	2
Stefán Bjarnason	Meðstjórnandi/ Meistaraflokksráð kvenna	Byggingarverkfræðingur	1

Þorsteinn Ingason

Harpa Frímannsdóttir

Rögnvaldur Dofri Pétursson

Alexander Jensen Hjálmarsson

Helgi Héðinsson

Hildur Ólafsdóttir

Kristín Huld Þorvaldsdóttir

Rúna Guðmundsdóttir

Stefán Bjarnason

Nefndir (utan stjórnar)	Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Meistarafl. ráð karla		
Bjarni Rögnvaldsson	Viðskiptafræðingur	1
Jóhann Páll Ástvaldsson	Mannfræðingur/alþjóðasamskipti	1
Ingólfur Þráinsson	Rafvirki	1
Halldór Eyjólfsson	Umhverfis og byggingarverkfræðingur/MBA	10+
Meistarafl. ráð kvenna		
Þóra Kristín Jónsdóttir	Bsc Íþróttafræði Msc Musculoskeletal Sport Science and Health	3
Karen Sif Magnúsdóttir	B.Sc. í iðnaðarverkfræði og M.Sc. í iðnaðarstjórnun	2

Starfsmenn

Starf	Starfsmaður	Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Yfirþjálfari	Paul Westren	UEFA-B, Youth Awards, Talent ID L1 (English FA). Currently studying for UEFA A & UEFA Elite Youth A (Scottish FA). BA Hons Communication Studies, Diploma in Marketing, PG Cert Teaching & Learning	2
Samskiptastjóri	Jórunn María Þorsteinsdóttir Bachmann	KSÍ II og Masters gráða í lögfræði	10
Markmannsþjálfari	Gareth Thomas Owen	UEFA A Goalkeeping, MSc Performance Coaching , UEFA B Licence, FAW B Goalkeeping, FAW C Licence, FAW C GK Licence	1
Styrktarþjálfari	Ægir Steinarsson	BSc íþróttafræði	6

Þjálfarar meistaraflokka

Meistaraflokkur karla		Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Aðalþjálfari:	Christopher Arthur Brazell	UEFA-A og BA gráða í alþjóðlegum samskiptum og stjórnmálum	3
Aðstoðarþjálfari:	Dom Ankers	Level 2 / Level 2 Youth / BSc in Sport & Exercise Science	2
Aðstoðarþjálfari:	Halldór Kristján Baldursson	BS gráða í viðskiptafræði og KSÍ C	5
Markmannsþjálfari:	Gareth Thomas Owen	UEFA A Goalkeeping, MSc Performance Coaching, UEFA B Licence, FAW B Goalkeeping FAW C Licence, FAW C GK Licence	1

Meistaraflokkur kvenna		Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
Aðalþjálfari:	Pétur Rögnvaldsson	UEFA-B og B.Sc. í rekstrarverkfræði	9
Aðstoðarþjálfari:	Melkorka Katrín Flygenring Pétursdóttir	UEFA B og BS í sjúkraþjálfun	1
Aðstoðarþjálfari:	Dom Ankers	Level 2 / Level 2 Youth / BSc in Sport & Exercise Science	2
Markmannsþjálfari:	Gareth Thomas Owen	UEFA A Goalkeeping, MSc Performance Coaching, UEFA B Licence, FAW B Goalkeeping FAW C Licence, FAW C GK Licence	1
Sjúkaþjálfari:	Erla Ásgeirsdóttir	BSc í sjúkraþjálfun, BSc í heilbrigðisverkfræði	1
Styrktarþjálfari mfl. kk og kvk:	Hildur Guðný Káradóttir	BSc í viðskiptafræði, MPM í verkefnastjórnun, diplóma í styrktar og þrekþjálfun, ÍSÍ 1A	1
Osteopati mfl. kk og kvk:	Viktor Bonometti	MSc Osteopathy	1

Þjálfarar yngri flokka

Flokkur	Þjálfari	Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
2. fl. karla	Arnar Þór Axelsson	UEFA-B og KSÍ A og stúdentspróf	9
2. fl. karla	Dom Ankers	Level 2 / Level 2 Youth / BSc in Sport & Exercise Science	2
3. fl. karla	Paul Westren	UEFA-B, Youth Awards, Talent ID L1 (English FA). Currently studying for UEFA A & UEFA Elite Youth A (Scottish FA). BA Hons Communication Studies, Diploma in Marketing, PG Cert Teaching & Learning	2
3. fl. karla	Þorsteinn Halldórsson	UEFA-B og KSÍ A1, B.Sc í íþrótta- og heilsufræði	1
3. fl. kvenna	Brynjar Þorri Magnússon	KSÍ C, nemi í arkítektúr	1
4.fl. karla	Pálmi Þór Jónasson	UEFA-B og stúdentspróf	1
4.fl. karla	Ragnar Björn Bragason		2
4.fl. kvenna	Brynjar Þorri Magnússon	KSÍ C, nemi í arkítektúr	1
4.fl. kvenna	Rakel Brynjarsdóttir		1
5.fl. karla	Dom Ankers	Level 2 / Level 2 Youth / BSc in Sport & Exercise Science	2
5.fl. karla	Sólmundur Magnús Sigurðarson	KSÍ B2, Teacher Training Hi	1
5.fl. karla	Atli Hrafn Hannesson		1
5.fl. kvenna	Melkorka Katrín Flygering Pétursdóttir	UEFA B og BS í sjúkraþjálfun	1
5.fl. kvenna	Axel Ingi Tynes	KSÍ III	9
5.fl. kvenna	Rakel Brynjarsdóttir		1
6.fl. karla	Arnar Þór Axelsson	UEFA-B og KSÍ A og stúdentspróf	9
6.fl. karla	Gareth Thomas Owen	UEFA A Goalkeeping, MSc Performance Coaching, UEFA B Licence, FAW B Goalkeeping, FAW C Licence, FAW C GK Licence	1
6.fl. karla	Hannes Ísberg Gunnarsson	KSÍ I og stúdentspróf	1
6.fl. karla	Árni Pétur Birgisson		2
6.fl. karla	Jóhannes Karl Björnsson		1
6.fl. karla	Viktor Orri Sölvason		1

Þjálfarar yngri flokka

Flokkur	Þjálfari	Menntun	Starfsaldur (ár) hjá Gróttu
6. fl. karla	Úlfur Snorrason		1
6.fl. karla	Pétur Kári Hannesson		1
6.fl. kvenna	Jórunn María Þorsteinsdóttir Bachmann	KSÍ II og Masters gráða í lögfræði	10
6.fl. kvenna	Edda Steingrímsdóttir		1
6.fl. kvenna	Kolfinna Ólafsdóttir		1
7.fl. karla	Þorsteinn Halldórsson	UEFA-B og KSÍ A1, B.Sc í íþrótta- og heilsufræði	1
7.fl. karla	Pétur Kári Hannesson		1
7.fl. karla	Jóna Guðrún Gylfadóttir		1
7.fl. karla	Sverrir Arnar Hjaltason		1
7.fl. kvenna	Margrét Rán Rúnarsdóttir	KSÍ I	4
7.fl. kvenna	Lovísa Davíðsdóttir Scheving	KSÍ I	3
7.fl. kvenna	Margrét Lára Jónasdóttir		1
8. fl ka og kv	Hansína Þóra Gunnarsdóttir	KSÍ C 1	
8. fl ka og kv	Agnar Guðjónsson		
8. fl ka og kv	Helga Sif Bragadóttir		1
8. fl ka og kv	Jóna Guðrún Gylfadóttir		1
8. fl ka og kv	Hilmir Pétursson		1
8. fl ka og kv	Gareth Thomas Owen	UEFA A Goalkeeping, MSc Performance Coaching, UEFA B Licence, FAW B Goalkeeping, FAW C Licence, FAW C GK Licence	1
8. fl ka og kv	Úlfur Snorrason		1
8. fl ka og kv	Jon Nielson		1
8. fl ka og kv	Tareq Shakib Shihab		1
8. fl ka og kv	Gunnar Róbertsson		1

Iðkendur

Flokkur	Fæðingarár	Fjöldi (stelpur)	Fjöldi (strákar)
2. flokkur	2004		6
2. flokkur	2005		10
2. flokkur	2006		7
3. flokkur	2007	6	6
3. flokkur	2008	11	11
4. flokkur	2009	9	11
4. flokkur	2010	10	23
5. flokkur	2011	10	13
5. flokkur	2012	18	29
6. flokkur	2013	21	15
6. flokkur	2014	17	22
7. flokkur	2015	8	15
7. flokkur	2016	14	17
8. flokkur	2017	11	27
8. flokkur	2018	10	19
Samtals		**145**	**271**

Aðstaða

Knattspyrnudeildin hefur bækistöðvar sínar í vallarhúsinu og á gervigrasvellinum við Suðurströnd. Völlurinn hefur heitið Vivaldivöllurinn frá árinu 2015 en Seltirningurinn Jón von Tetzchner er eigandi Vivaldi.

Nýtt gervigras var lagt á völlinn árið 2016 og samkvæmt viðmiðum framleiðanda um endingartíma, sem og samanborið við meðalendingu sambærilegra valla og þá miklu notkun sem verið hefur verið á vellinum, er komið að því að endurnýja grasið. Ekki er síður mikilvægt að koma fyrir betri búnaði til vökvunar vallarins en eins og staðan er núna þarf þarf að draga langar slöngur og þungan búnað um allan völl til að vökva. Þetta þarf svo að færa til nokkrum sinnum meðan á vökvun stendur til að ná yfir allan völlinn. Vökvunin minnkar viðnám og dregur stórlega úr meiðslahættu leikmanna. Sjúkraþjálfarar félagsins hafa eindregið mælt með endurnýjun gervigrassins með vísan til aukinnar meiðslahættu leikmanna. Álits sjúkraþjálfara var óskað eftir krossbandsslit tveggja leikmanna. Er það von og ósk deildarinnar að málið verði sett á fjárhagsáætlun bæjarins sem forgangsmál í hvað varðar aðstöðu til íþróttaiðkunar. Í millitíðinni er afar mikilvægt að þjónustuaðili gervigrassins sinni nauðsynlegu viðhaldi, til samræmis við fyrirmæli framleiðanda, og að eftir því verði gengið, til þess að ástand vallarins haldist eins gott og hægt er þangað til unnt verður að endurnýja grasið.

Í ársskýrslu 2021 var bent á ýmis atriði varðandi aðstöðumál knattspyrnudeildar. Þar kom m.a. fram að ráðist hefði verið í breytingar á skrifstofuaðstöðu þjálfara í Vallarhúsi og er mikil ánægja meðal þjálfara og starfsmanna með þá breytingu.
Ekki hefur verið ráðin bót á ýmsum öðrum atriðum sem þar voru nefnd og eru hér aftur tíunduð í stuttu máli; búningsklefar eru löngu sprungnir og aðstaða fyrir dómara ófullnægjandi. Þá er uppsöfnuð þörf á almennu viðhaldi í Vallarhúsi, t.d. lekur vatn í

ákveðnum veðrum í gegnum þak veislusalarins, hurðir mannvirkisins, hurðahúnar og hurðapumpur eru sumar í ólestri, hitakerfi gervigrasvallar í ólagi og svo mætti áfram telja. Þá hafa gluggaflasningar losnað og ekki verið settar upp aftur. Í vetur varð það óhapp í einni lægðinni að flasning losnaði utan af húsinu og féll á leikmann meistaraflokks sem átti leið hjá. Leikmaðurinn slasaðist sem betur fer ekki, en ekki mátti miklu muna að verr hefði farið.

Brýnt er orðið að yfirfara öryggis-, aðgengis- og sorphirðumál á stúkusvæði og við aðkomu. Til að mynda liggja lágir trékassar með reglulegu millibili eftir endilangri stúku sem gestir hafa fallið um og skaðað sig. Nú í vetur fauk annað lausa hliðið við Valhúsaskóla og skapar hættu fyrir vegfarendur, en finna þarf varanlegri og tryggari lausn á afgirðingu svæðisins. Einnig er orðið tímabært að gera heildstæða öryggisúttekt á svæðinu öllu til að fyrirbyggja að ungir sem aldnir sem heimsækja svæðið okkar eigi á hættu á að lenda í óhöppum vegna vallaraðstæðna.

Af þessari upptalningu að dæma blasir við að töluverð uppsöfnuð viðhalds- og endurbótaþörf á aðstöðu knattspyrnudeildar. Ráðast þarf í úttektir og gera áætlanir um nauðsynlegt viðhald og endurbætur til næstu missera en ekki er síður mikilvægt að horfa lengra fram í tímann. Nú er ljóst að okkar góðu nágrannar í austri vinna hörðum höndum að undirbúningi á stóru og metnaðarfullu verkefni sem mun umbylta aðstöðu til íþróttaiðkunar í okkar næsta nágrenni, sér í lagi til knattspyrnuiðkunar. Það er því gríðarlega mikilvægt að Seltjarnarnesbær fari sem allra fyrst í greiningarvinnu um framtíðaruppbyggingu á aðstöðu til knattspyrnuiðkunar í bænum. Ef setið verður auðum höndum og ekkert verður að gert er raunveruleg hætta á að ungmenni af Seltjarnarnesi sæki í meira mæli í þá aðstöðu sem önnur félög hafa upp á að bjóða og að deildin okkar muni bera skarðan hlut frá borði. Stjórn og starfsfólk knattspyrnudeildar eru boðið og búið að koma að þeirri vinnu hvar og hvenær sem er.

Árangur ársins

Barna og unglingastarf

Það var nóg að gera hjá yngri flokkum Gróttu, líkt og síðustu ár. Iðkendum heldur áfram að fjölga en hátt í 400 voru skráð í 2-8. flokki karla og kvenna. Góð aðsókn var í knattspyrnuskóla Gróttu. Paul Western tók við starfi yfirþjálfara yngri flokka af Chris Brazell eftir sumarið og hefur mikil ánægja verið með störf beggja. Eins má nefna að markmenn yngri flokka hafa fengið að mæta á séræfingar undir leiðsögn markmannsþjálfarans Gareth Thomas Owen. Ungir leikmenn stigu sín fyrstu skref í meistaraflokki á tímabilinu og nokkur voru valin í yngri landslið.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla hóf leik í Lengjudeildinni síðasta sumar með miklum látum þann 7. maí 2022 með 5-0 heimasigri gegn Vestra. Chris Brazell hefði ekki getað beðið um betri byrjun í sínum fyrsta leik sem aðalþjálfari liðsins. Chris til aðstoðar við þjálfun liðsins og greiningu andstæðinga voru þeir Halldór Kristján Baldursson, Dom Ankers, Gareth Owen, Arnar Axelsson og Paul Westren. Ljóst var að liðið mætti vel undirbúið í alla leiki og liðið safnaði stigum jafnt og þétt yfir tímabilið. Leikir liðsins voru margir hverjir bráðskemmtilegir og mörg mörk voru skoruð. Liðið skoraði 42 mörk á tímabilinu, eða því sem næst tvö mörk í hverjum leik, og vakti verðskuldaða athygli fyrir frammistöðu sína og leikstíl. Þegar tímabilinu lauk varð ljóst að liðið endaði í þriðja sæti með 37 stig, sem eftir því sem næst verður komist er næst besti árangur liðsins frá upphafi. Liðið er nú að undirbúa sig undir að leika í Lengjudeildinni þriðja tímabilið í röð, þar sem ætlunin er að halda áfram að byggja ofan á þann árangur og stöðugleika sem náðst hefur á liðnum árum. Töluverðar breytingar hafa orðið á leikmannahópi liðsins frá síðasta tímabili og fjölgaði atvinnumönnum Gróttu m.a. um einn þegar Kjartan Kári Halldórsson, markahæsti leikmaður liðsins með 17 mörk í 19 deildarleikjum, gekk til liðs við Haugesund sem leikur í efstu deild í Noregi. Þá gekk Luke Rae til liðs við KR og markvörðurinn Jón Ívan Rivine gekk til liðs við Fylki, sem bæði leika í Bestu Deildinni. Þessi félagaskipti bæði erlendis og upp í efstu deild eru ekki einungis afrakstur erfiðis leikmannanna sjálfra, heldur einnig mikilvæg viðurkenning á því starfi sem unnið hefur verið í Gróttu undanfarin ár. Vonandi verður framhald þar á.

Meistaflokkur kvenna

Pétur Rögnvaldsson stýrði liðinu í fyrsta sinn sem aðalþjálfari meistaraflokks kvenna. Með honum var Vignir Snær Stefánsson, aðstoðarþjálfari. Þeim til

halds og traust voru Dom Ankers og Paul Westren. Saman mynduðu þeir afar sterkt teymi og unnu vel saman. Umgjörðin í kringum liðið var öll hin besta og félaginu til mikils sóma. Liðið lék í annarri deild, sem í fyrsta sinn var tvískipt þannig að fyrst var leikin einföld umferð og liðunum svo skipt í efri- og neðri hluta. Í síðari hluta mótsins léku liðin í efri hlutanum eina umferð innbyrðis, í baráttu um efstu tvö sæti deildarinnar og þar með farseðilinn í Lengjudeild. Keppnin var afar spennandi og hart barist á toppnum. Gróttuliðið mætti heldur betur vel undirbúið til leiks í síðari hlutanum og stóð sig hreint frábærlega. Eftir að hafa farið taplaust í gegnum fjórar fyrstu umferðirnar í síðari hlutanum og 34 stig í sarpinum var sætið í Lengjudeild tryggt fyrir síðasta leikinn. Liðið endaði í öðru sæti og leikmenn og þjálfarar uppskáru þannig ríkulega eftir langt og strangt keppnistímabil. Það er því spennandi fótboltasumar framundan þar sem liðið leikur í Lengjudeild, og markmiðið er að byggja ofan á árangur fyrri ára, bæði innan og utan vallar. Gróttuliðið samanstendur að stórum hluta af uppöldum heimastelpum sem gaman verður að fylgjast með vaxa og dafna sem knattspyrnukonur í sumar. Lokahóf meistaraflokka Gróttu fór fram 24. september, þar sem leikmönnum var boðið upp á glæsilegan mat frá Veislunni og verðlaunaafhending fór fram.

Viðurkenningar

Knattspyrnumaður/kona ársins:
Kjartan Kári Halldórsson
Sigrún Ösp Aðalgeirsdóttir

Efnilegasti leikmaðurinn:
Hilmar Þór Helgason
Lilja Davíðsdóttir Scheving

Markahæsti leikmaðurinn:
Ariela Lewis (10 mörk)
Kjartan Kári Halldórsson (17 mörk)

Mikilvægasti leikmaðurinn:
Dominic Ankers
Bjargey Sigurborg Ólafsson

Mesti naglinn:
Ólafur Karel Eiríksson
Nína Kolbrún Gylfadóttir

Hrökkbrauðið:
Valtýr Már Michaelsson
Margrét Rán Rúnarsdóttir
Patricia Dúa Thompson Landmark

Landsleikir:
Sara Björk Arnarsdóttir U15
Tómas Johannessen U17
Kjartan Kári Halldórsson U19
Arnar Daníel Aðalsteinsson U19
Sigurbergur Áki Jörundsson U19

Sjálfboðaliðar

Sjálfboðaliði ársins:

Halla Bachmann Ólafsdóttir

Bronsmerki:

Fjalar Sigurðarson
Guðrún Guðmundsdóttir
Þór Sigurðsson
Þóra Kristín Jónsdóttir

Lokaorð

Nú líður að sumri, sem er auðvitað hápunktur knattspyrnutímabilsins. Eftir kaldan og nokkuð erfiðan vetur á Vivaldivelli er knattspyrnufólk fullt tilhlökkunar að hefja hið eiginlega keppnistímabil. Það er spennandi sumar fyrir höndum hjá meistaraflokkunum, sem báðir leika í Lengjudeildinni, eða næst efstu deild. Vera liðanna þar er til marks um metnaðarfulla markmiðasetningu og mikla vinnu leikmanna, þjálfara og annarra þeirra sem koma að rekstri meistaraflokkanna á liðnum árum. Það er hvorki sjálfsagt né einfalt verkefni að halda úti tveimur liðum á svo háu getustigi í ekki stærra sveitarfélagi en Seltjarnarnes er. Umgjörðin í kringum leiki meistaraflokkanna hefur verið með besta móti undanfarin ár og er ætlunin að framhald verði þar á. Við hlökkum til að sjá ykkur sem allra allra flest í stúkunni í sumar og styðja liðin okkar áfram af krafti.

Yngri flokka starfið verður með hefðbundnu sniði, þar sem flokkarnir frá 5. flokki taka þátt í Íslandsmóti sem spilað er jafnt og þétt yfir sumarið. Þá fara flokkarnir auðvitað á stóru mótin víðs vegar um landið í sumar, þar sem vinahópar þéttast og eftir standa verðmætar minningar um skemmtileg ferðalög í góðum félagsskap, alveg óháð úrslitum leikja mótsins. Mikið verður um að vera á Vivaldivelli og meðan sumarskólinn er starfandi eru æfingar oft nær óslitið frá 9 á morgnana og langt fram á kvöld. Víst er að það munu verða áskoranir við að koma öllum þessum fjölda iðkenda og gesta fyrir í núverandi húsakynnum, en með samstilltu átaki treystum við því að það gangi án alvarlegra árekstra.

Knattspyrnudeild hefur heldur betur vaxið fiskur um hrygg á undanförnum árum. Bæði hefur iðkendum í yngri flokka starfinu fjölgað verulega, auk þess sem reksturinn í kringum meistaraflokkana hefur aukist verulega. Stækkun og auknum umsvifum deildarinnar hafa fylgt ákveðnir vaxtaverkir og vinnur stjórn knattspyrnudeildar nú að skipuriti og verkefnaskiptingu, þar sem markmiðið er að skilgreina betur verkefni og hlutverk einstakra eininga deildarinnar. Í öllu starfi knattspyrnudeildar er byggt á leiðarvísinum sem lagður var til grundvallar með Gróttuleiðinni, sem margir e.t.v. kannast við. Nú stendur yfir endurskoðun Gróttuleiðarinnar og er ætlunin að útgáfa 2 birtist innan skamms. Eitt er víst að fyrir utan eiginlegar æfingar og keppni iðkenda er starf deildarinnar og verður áfram borið uppi af foreldrum og öðrum sjálfboðaliðum sem taka þátt í hinum ýmsu verkefnum. Sem dæmi um verkefni sem deildin sinnir eru skipulagning allra ferða yngri flokka, skipulagning og framkvæmd allra fjáraflana og annarra viðburða á vegum þeirra. Þá er framkvæmd heimaleikja meistaraflokka stórt og umfangsmikið verkefni, þar sem sinna þarf undirbúningi, vökvun vallar, miðasölu, gæslu, sjoppu o.fl. Umfangsmikil fjáröflunarstarf fer einnig fram í kringum meistaraflokka, ýmist á vegum deildarinnar eða leikmannanna sjálfra. Þá er óminnst á allt skipulag og utanumhald sem rekstri deildarinnar fylgir. Margar hendur vinna létt verk og til þess að deildin geti haldið áfram að vaxa og dafna er nauðsynlegt að foreldrar iðkenda og aðrir áhugasamir haldi áfram að bjóðast til að sinna öllum þessum verkefnum. Við hvetjum því bæjarbúa til að sýna knattspyrnudeild áfram stuðning í verki, með hverjum þeim hætti sem kann að henta hverjum og einum.

Við hlökkum til að sjá ykkur á vellinum í sumar,
Knattspyrnudeild

Heiðursmerki Gróttu

Gull

Ágúst Ingi Ágústsson	2017	aðalstjórn	
Ásgerður Halldórsdóttir	1987	handbolti	2014 heiðursfélagi
Axel Friðriksson	1987	handbolti og fótbolti	
Bjarni Torfi Álfþórsson	2007	aðalstjórn	
Eyjólfur Garðarsson	2021	Allar deildir	
Friðrik M. Friðriksson	2002	fótbolti	
Garðar Guðmundsson	1987	aðalstjórn	2002 heiðursfélagi
Grétar Vilmundarson (látinn)		handbolti og fótbolti	
Guðrún Brynja Vilhjálmsdóttir	2002	fimleikar	
Gunnar Lúðvíksson	2002	aðalstjórn	
Jóhannes Geir Benjamínsson	2002	handbolti	
Kári Garðarsson	2022	Aðalstjórn	
Kristín Finnbogadóttir	2020	aðalstjórn	
Kristján Guðlaugsson	2020	handbolti	
Magnús Georgsson (látinn)	1987	aðalstjórn	
Magnús Margeirsson	2002	handbolti og fótbolti	
Magnús Sigurðsson	2002	handbolti	
Rögnvaldur Dofri Pétursson	2018	fótbolti	
Sigurgeir Sigurðsson (látinn)	1987	aðalstjórn	2002 heiðursfélagi
Stefán Ágústsson	1987	aðalstjórn	
Stefán Örn Stefánsson	1997	handbolti og fótbolti	
Þór Sigurgeirsson	2020	handbolti og fótbolti	
Þorsteinn J. Stefánsson	1997	handbolti	

Silfur

Ágúst Ingi Ágútsson	2009	aðalstjórn	
Álfþór B. Jóhannsson	1997	aðalstjórn	
Anna Sóley Jónsdóttir	2022	fimleikar	
Andri Sigfússon	2015	handbolti	
Arnar Þorkelsson	2016	handbolti	
Arndís María Erlingsdóttir	2019	handbolti	
Árni Pétursson	2013	fótbolti	
Ásdís Björk Pétursdóttir	2021	fimleikar	
Ásgeir Bjarnason	2016	handbolti	
Berglind Pétursdóttir	2018	fimleikar	
Bjarni Torfi Álfþórsson		aðalstjórn	
Daníel R. Ingólfsson	2002	aðalstjórn	
Davíð B. Gíslason	2014	handbolti	
Davíð Örn Hlöðversson	2019	handbolti	

Davíð Scheving	2018	handbolti
Egill Már Markússon		handbolti og fótbolti
Elías Kristjánsson	2018	fótbolti
Elías Leifsson		aðalstjórn
Erla Gísladóttir	2010	handbolti
Eyjólfur Garðarsson	2015	handbolti og fótbolti
Franz Ploder		fótbolti
Gaberiella Balany	2013	fimleikar
Garðar Guðnason	2018	fótbolti
Gestur Gauti Grétarsson		handbolti
Gísli Birgisson		aðalstjórn
Guðmundur Árni Sigfússon	2009	handbolti
Guðmundur Hannesson	1997	fótbolti
Guðmundur Marteinn Hannesson	2018	fótbolti
Guðrún Brynja Vilhjálmsdóttir	1997	fimleikar
Guðrún Ína Einarsdóttir	1997	fimleikar
Gunnar Bjarnason	1997	fótbolti
Gunnar Gíslason	2009	handbolti
Halldór Eyjólfsson	2018	fótbolti
Halldór Ingi Andrésson		handbolti
Haraldur Eyvinds Þrastarsón	2020	aðalstjórn
Harpa Hlíf Bárðardóttir	2013	fimleikar
Hildigunnur Hilmarsdóttir		handbolti
Hilmar Sigurðsson	2013	fótbolti
Hjörtur Hjartarson		handbolti
Hörður Lúðvíksson		handbolti og fótbolti
Jenný Ólafsdóttir		fimleikar
Jóhannes Geir Benjamínsson		handbolti
Jón Sigurðsson	2013	fótbolti
Kári Garðarsson	2015	handbolti
Kristín Finnbogadóttir	2013	aðalstjórn
Kristín Þórðardóttir	2018	handbolti
Kristján Guðlaugsson		handbolti
Lárus Brynjar Lárusson	2020	aðalstjórn
Magnús Gunnarsson	2018	fótbolti
Magnús Margeirsson		handbolti og fótbolti
Magnús Örn Helgason	2018	fótbolti
Magnús Sigurðsson		handbolti
Magnús Sverrir Ólafsson	2018	handbolti
Magrét Kristjánsdóttir	1997	handbolti
Margrét Lilja Pálsdóttir		fimleikar
Margrét Pétursdóttir		fimleikar
María Björk Magnúsdóttir	2013	fimleikar
Ólafur Finnbogason	2002	handbolti
Olga Emilía Ágústsdóttir	2002	aðalstjórn

Páll Einarsson	2009	aðalstjórn
Pétur Már Harðarson	2020	fótbolti
Rögnvaldur Dofri Pétursson	1997	fótbolti
Sara Finney Eggertsdóttir	2015	handbolti
Sesselja Jarvela	2013	fimleikar
Sigurður Már Hilmarsson	2013	fótbolti
Sigurlaug Bjarnadóttir	1997	fótbolti
Sölvi Snær Magnússon	2018	fótbolti
Stefán Örn Stefánsson		handbolti og fótbolti
Þór Ottesen		handbolti
Þór Sigurgeirsson	1997	handbolti
Þórir Jökull Finnbogason	2019	handbolti
Þorsteinn J. Stefánsson		handbolti
Þröstur Eyvinds	1997	fótbolti
Þuríður Halldórsdóttir	1997	handbolti

Brons

Ágústa Edda Björnsdóttir	1997	fimleikar og handbolti
Alexander Jensen Hjálmarsson	2021	fótbolti
Anna Björg Erlingsdóttir	2019	handbolti
Anna Jónsdóttir	2014	fimleikar
Anna Kristín Kristinsdóttir	1997	fimleikar
Anna Kristrún Gunnarsdóttir	1997	fimleikar
Anna Sóley Jónsdóttir	2017	fimleikar
Anna Úrsúla Guðmundsdóttir	2016	handbolti
Arna Einarsdóttir	2019	fótbolti
Arnar Jón Agnarsson	2020	handbolti
Arnar Kormákur	2013	handbolti
Arnar Kristinn Þorkelsson	2009	handbolti
Arnar Rafn Birgisson	2019	fótbolti
Arndís María Erlingsdóttir	2015	handbolti
Árni Benedikt Árnason	2009	handbolti
Árni Halldórsson		fótbolti
Árni Pétursson	2009	fótbolti
Axel Bragason	2021	Fimleikar
Ása Jónsdóttir	1997	fótbolti
Ásdís Pétursdóttir	2016	fimleikar
Ásgeir Bjarnason	2009	handbolti og fótbolti
Ásta Birgisdóttir		handbolti
Ásta Sigvaldsdóttir	2020	fótbolti
Bernódeus Sveinsson	2022	handbolti
Bernhard Petersen		fótbolti
Birgir Bjarnason	2016	fótbolti
Birgir Hákonarson	2011	fótbolti
Birgir Tjörvi Pétursson	2020	fótbolti

Birkir Sveinsson		fótbolti
Bjarki Már Ólafsson	2017	fótbolti
Bjarni Ármannsson	2019	fótbolti
Bjarni Geir Halldórsson	2022	Fimleikar
Bjarni Torfi Álfþórsson		aðalstjórn
Björn Bergmann	1997	handbolti
Björn Valdimarsson	2017	fótbolti
Bragi Björnsson	2022	aðalstjórn
Davíð Benedikt Gíslason		handbolti
Davíð Örn Hlöðversson	2015	handbolti
Davíð Scheving Birgisson	2013	handbolti
Einar Óli Þorvarðarson	2014	handbolti og fótbolti
Einar Rafn Ingimarsson	2019	handbolti
Einar Þorgeirsson	2009	fótbolti
Eiríkur Elís Þorláksson	2017	handbolti
Elías Magnússon		fótbolti
Elín Smáradóttir	2020	aðalstjórn
Elizabeth Holt	2019	fimleikar
Elsa Nielsen	2020	aðalstjórn
Erla Gísladóttir	2007	handbolti
Eva Björnsdóttir	1997	fimleikar
Eva Katrín Friðgeirsdóttir	2020	fimleikar
Eyjólfur Garðarsson	2011	handbolti og fótbolti
Eydís Lilja Eysteinsdóttir	2021	Fótbolti
Fanney Hauksdóttir	2018	fimleikar
Fanney Magnúsdóttir	2017	fimleikar
Felix Ragnarsson		handbolti
Fjalar Sigurðarson	2022	handbolti og fótbolti
Finnbogi Ólafsson		handbolti
Finnur Ingi Stefánsson	2016	handbolti
Franz Ploder		fótbolti
Friðrik M. Friðriksson		fótbolti
Friðrika Harðardóttir	2010	fimleikar
Gabriella Belányi	2009	fimleikar
Garðar Guðnason	2013	fótbolti
Guðjón Rúnarsson	2021	Fimleikar
Guðjón Kristinsson		fótbolti
Guðjón Norðfjörð	2013	aðalstjórn
Guðmundur Árni Sigfússon	1997	handbolti
Guðmundur Hannesson		fótbolti
Guðmundur Ingimundarson		handbolti
Guðmundur Kristjánsson	2009	handbolti
Guðmundur Stefán Maríusson	2010	handbolti og fótbolti
Guðrún Guðmundsdóttir (Rúna)	2022	fótbolti
Guðrún Edda Haraldsdóttir	2018	fimleikar

Guðrún Ína Kristjánsdóttir		fimleikar og handbolti
Guðrún Kaldal		aðalstjórn
Gunnar Gíslason		handbolti
Gunnar Guðmundsson		handbolti
Hafdís Guðmundsdóttir	2013	fótbolti
Halla Bachmann Ólafsdóttir	2020	fótbolti
Halldór Árnason		fimleikar
Halldór Eyjólfsson	2015	fótbolti
Halldór Nellet	2009	aðalstjórn
Halldór Kristján Baldursson	2021	fótbolti
Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir	2019	handbolti
Hannes Birgisson	2017	handbolti
Haraldur Eyvinds Þrastarsón	2014	aðalstjórn
Harpa Frímannsdóttir	2020	fótbolti
Harpa Guðfinnsdóttir	2020	fótbolti
Harpa Hlíf Bárðardóttir		fimleikar
Haukur Harðarson	2010	fótbolti
Heiðar Guðjónsson	2019	fótbolti
Helga Sverrisdóttir	2019	fótbolti
Helgi Magnússon	2019	fótbolti
Helgi Þórður Þórðarson	2009	aðalstjórn
Hildur Sesselja Aðalsteinsdóttir	2013	fimleikar
Hilmar Sigurðsson	2009	fótbolti
Hjálmfríður Kristinsdótitr	2010	fótbolti
Hjalti Ástbjartsson	2009	aðalstjórn
Hrafn Jónsson	2014	fótbolti
Hrafnhildur Sigurjónsdóttir	2020	fimleikar
Hreinn Októson	2022	aðalstjórn
Ingimar Sigurðsson		fótbolti
Ingveldur Kristjánsdóttir	2020	handbolti
Íris Björk Símonardóttir	2016	handbolti
Ísak Runólfsson	2019	fótbolti
Jóhanna Sigmundsdóttir	2019	fimleikar
Jón Jónsson		handbolti
Jón Örvar Kristinsson		handbolti
Jón Sigurðsson	2009	fótbolti
Jón Sigurðsson		fótbolti
Jón Stephenson von Tetzchner	2019	fótbolti
Jórunn María Þorsteinsdóttir	2019	fótbolti
Jórunn Þóra Sigurðardóttir	2009	fimleikar
Kári Garðarsson	2009	handbolti
Kári Indriðason	2009	handbolti
Konstantin Antonov (Kostja)	2010	fimleikar
Kristín Finnbogadóttir	2009	aðalstjórn
Kristín Hannesdóttir	1997	fimleikar
Kristín Jónsdóttir		fimleikar

Kristín Þórðardóttir	2015	handbolti
Kristinn Guðmundsson		fótbolti
Kristinn Þorvaldsson	2022	aðalstjórn
Lárus Brynjar Lárusson	2009	aðalstjórn
Lárus Gunnarsson	2019	handbolti
Laufey Ásta Guðmundsdóttir	2019	handbolti
Lovísa Ásgeirsdóttir	2019	handbolti
Magnús Margeirsson	1987	handbolti og fótbolti
Magnús Örn Guðmundsson	2009	fótbolti
Magnús Örn Helgason	2010	fótbolti
Magnús Sverrir Ólafsson	2010	handbolti
Margrét Aðalheiður Hauksdóttir	1997	fimleikar
Margrét Einarsdóttir		fimleikar
Margrét Kristjánsdóttir		handbolti
Margrét Sigurðardóttir		fótbolti
María Björg Magnúsdóttir	2010	fimleikar
Marinó G. Njálsson		handbolti
Nanna Guðmundsdóttir	2018	fimleikar
Ólafur Finnbogason	1997	handbolti
Ólafur Garðarsson	1997	fótbolti
Ólöf Línberg Kristjánsdóttir	2018	fimleikar
Ómar Gunnarsson	1997	handbolti
Óskar Hrafn Þorvaldsson	2019	fótbolti
Pétur Már Halldórsson	2015	fótbolti
Pétur Már Harðarson	2014	fótbolti
Pétur Rögnvaldsson	2019	fótbolti
Pjetur Sigurðsson		fótbolti
Ragnar Rafnsson	2022	aðalstjórn
Reynir Kjartansson		handbolti
Rögnvaldur Dofri Pétursson	1997	fótbolti
Rúnar Steinn Ragnarsson	2009	handbolti
Saga Ómarsdóttir	2019	handbolti
Sara Finney Eggertsdóttir	2009	fimleikar og handbolti
Sesselja Järvelä	2010	fimleikar
Sigfús Árni Guðmundsson	1997	handbolti
Sigtryggur Albertsson		handbolti
Sigurður Geirsson	1997	handbolti og fótbolti
Sigurður Hilmarsson	2009	fótbolti
Sigurður Örn Helgason	2009	fótbolti
Sigurður Örn Jónsson	2018	fimleikar
Sigurlaug Bjarnadóttir		fótbolti
Sigurlaug Vilhelmsdóttir	2014	handbolti
Sigurvin Reynisson	2021	Fimleikar
Skúli Júlíusson		handbolti og fótbolti
Snorri Magnússon		handbolti
Sólmundur Kristjánsson		fótbolti

Stefán Smári Skúlason		handbolti
Steinn Jónsson		fótbolti
Svafar Magnússon		handbolti
Sverrir Þór Sverrisson		handbolti
Tinna Rut Traustadóttir		fimleikar
Unnur Teits Halldórsdóttir	2011	aðalstjórn
Valdimar Ólafsson	2019	fótbolti
Vilhjálmur Ólason	2014	handbolti
Þór Sigurðsson	2022	handbolti og fótbolti
Þórir Jökull Finnbogason	2015	handbolti
Þóra Kristín Jónsdóttir	2022	fótbolti
Þorkell Helgason		handbolti
Þorsteinn Geirsson	2009	aðalstjórn
Þorsteinn Guðjónsson	2009	aðalstjórn
Þorsteinn J. Stefánsson		fótbolti
Þorsteinn Þorsteinsson	2009	aðalstjórn
Þröstur Eyvinds		fótbolti

Íþróttafólk ársins

Árið 2022

Íþróttamaður Gróttu: Kjartan Kári Halldórsson
Íþróttakona Gróttu: Freyja Hannesdóttir
Íþróttamaður æskunnar: Antoine Óskar Pantano
Íþróttakona æskunnar: Sara Björk Arnarsdóttir
Þjálfari ársins: Maksim Akbachev

Íþróttamaður Gróttu

2022	Kjartan Kári Halldórsson knattspyrnumaður
2021	Pétur Theodór Árnason knattspyrnumaður
2020	Hákon Rafn Valdimarsson knattspyrnumaður
2019	Pétur Theódór Árnason knattspyrnumaður
2018	Dagur Guðjónsson knattspyrnumaður
2017	Lovísa Thompson handknattleikskona
2016	Fanney Hauksdóttir kraftlyftingakona
2015	Meistaraflokkur kvenna í handbolta
2014	Fanney Hauksdóttir kraftlyftingakona
2013	Fanney Hauksdóttir kraftlyftingakona
2012	Aron Du Lee Teitsson kraftlyftingamaður
2011	Dominiqua Alma Belányi fimleikakona
2010	Dominiqua Alma Belányi fimleikakona
2009	Embla Jóhannesdóttir fimleikakona
2008	Finnur Ingi Stefánsson handknattleiksmaður
2007	Anna Úrsula Guðmundsdóttir handknattleikskona
2006	Sif Pálsdóttir fimleikakona
2005	Sif Pálsdóttir fimleikakona
2004	Anna Úrsula Guðmundsdóttir handknattleikskona
2003	Sif Pálsdóttir fimleikakona
2002	Sif Pálsdóttir fimleikakona
2001	Alexander Petterson handknattleiksmaður
2000	Enric Már Du Teitsson knattspyrnumaður
1999	Jóhanna Sigmundsdóttir fimleikakona
1998	Ágústa Edda Björnsdóttir handknattleikskona
1997	Davíð B. Gíslason handknattleiksmaður
1996	Harpa Hlíf Bárðardóttir fimleikakona
1995	Sigtryggur Albertsson handknattleiksmaður
1994	Arnaldur Schram knattspyrnumaður
1993	Eva Björnsdóttir fimleikakona
1992	Ólafur Ármann Sveinsson handknattleiksmaður
1991	Laufey Sigvaldadottir handknattleikskona
1990	Stefán Arnarson handknattleiksmaður
1989	Elísabet Þorgeirsdóttir handknattleikskona
1988	Sigtryggur Albertsson handknattleiksmaður
1987	Berhard Petersen knattspyrnumaður
1986	Halldór Ingólfsson handknattleiksmaður

Íþróttakona Gróttu

2022	Freyja Hannesdóttir fimleikakona
2021	Nanna Guðmundsdóttir fimleikakona
2020	Tinna Brá Magnúsdóttir knattspyrnukona
2019	Nanna Guðmundsdóttir fimleikakona

Íþróttamaður æskunnar

2022	Antonie Óskar Pantano handknattleiksmaður
2021	Kjartan Kári Halldórsson knattspyrnumaður
2020	Ari Pétur Eiríksson handknattleiksmaður
2019	Orri Steinn Óskarsson knattspyrnumaður
2018	Laufey Birna Jóhannsdóttir fimleikakona
2017	Sóley Guðmundsdóttir fimleikakona
2016	Anna Katrín Stefánsdóttir handknattleikskona
2015	Lovísa Thompson handknattleikskona
2014	Nanna Guðmundsdóttir fimleikakona
2013	Pétur Steinn Þorsteinsson knattspyrnumaður
2012	Eva Björk Davíðsdóttir handknattleikskona
2011	Pétur Theodór Árnason knattspyrnumaður
2010	Ólafur Ægir Ólafsson handknattleiksmaður
2009	Viggó Kristjánsson knattspyrnumaður

Íþróttakona æskunnar

2022	Sara Björk Arnarsdóttir knattspyrnukona
2021	Katrín Anna Ásmundsdóttir handknattleikskona
2020	Freyja Hannesdóttir fimleikakona

Þjálfari ársins

2022	Maksim Akbachev
2021	Arnar Daði Arnarsson
2020	Anna Sóley Jensdóttir
2019	Óskar Hrafn Þorvaldsson

Sjálfboðaliði ársins

2022	Arnkell Bergmann Arnkelsson, handknattleiksdeild
2022	Eyjólfur Garðarsson, fimleikadeild
2022	Halla Bachmann Ólafsóttir, knattspyrnudeild
2021	Ari Kárason, fimleikadeild
2021	Fjalar Sigurðarson, knattspyrnudeild
2021	Magnús Björn Hallgrímsson, handknattleiksdeild
2020	Árni Pétursson, knattspyrnudeild
2020	Bjarni Torfi Álfþórsson, handknattleiksdeild
2020	Jón Gunnar Þorsteinsson, fimleikadeild
2019	Eyjólfur Garðarsson, knattspyrnudeild
2019	Guðrún Edda Haraldsdóttir, fimleikadeild
2019	Benedikt Arnar Davíðsson, handknattleiksdeild

VIVALDI
STANNO

Lög Íþróttafélagsins Gróttu

1. gr.
Nafn félags og varnarþing
Félagið heitir Íþróttafélagið Grótta. Lögheimili þess og varnarþing er á Seltjarnarnesi.

2. gr.
Tilgangur félags og grunngildi
Tilgangur Íþróttafélagsins Gróttu er að veita iðkendum á öllum aldri þjónustu og aðstöðu til að iðka og stunda íþróttir. Sérstök áhersla er lögð á íþrótta- og uppeldisstarf með börnum og unglingum til að stuðla að heilbrigðu líferni og félagsþroska.

3. gr.
Merki félags og búningur
Merki félagsins er blár fugl á gulum þríhyrndum grunni (litastaðall: pantone 286 blár og pantone 108 gulur) Heitið GRÓTTA er ritað fyrir ofan fuglinn. Við félagsmerkið er íþróttadeild heimilt að bæta nafni eða merki deildarinnar. Slíkt þarf þó að hljóta samþykki aðalstjórnar félagsins.

Allir keppnisbúningar félagsins og auglýsingar á þeim eru háðar samþykki aðalstjórnar.

Aðalstjórn er heimilt að setja nánari reglur um útlit og gerð búninga.

4. gr.
Aðild að heildarsamtökum
Félagið er aðili að Íþróttasambandi Íslands (ÍSÍ) og sérsamböndum þess, Ungmennafélagi Íslands og Ungmennasambandi Kjalarnesþings og er háð lögum þeirra og ákvörðunum.

5. gr.
Félagar
Félagsaðild að Gróttu er opin fyrir alla, sem sjálfviljugir taka á sig þær skyldur sem félagsaðildinni fylgir, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungumáls, trúar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ætternis, kynhneigðar eða annarra ástæðna.

Allir félagar skulu hafa jafnan rétt til aðstöðu, æfinga, þjónustu félagsins og skal Grótta leitast við að mæta þörfum félaga eins og kostur er miðað við aðstæður og mannauður leyfir hverju sinni.

Við kjör í stjórnir félagsins og skipanir í trúnaðarstörf skal leitast við að hafa sem jafnast hlutfall kynjanna.

Félagar í Gróttu eru:

- Allir iðkendur sem greiða æfingagjöld.
- Foreldrar/forráðamenn iðkenda.
- Þeir sem greiða félagsgjöld til félagsins.
- Stjórnarmenn í aðalstjórn og deildum, sjálfboðaliðar í nefndum og ráðum:
- Starfsmenn félagsins og þjálfarar í deildum þess.
- Heiðursfélagar.

Aðalstjórn ákveður félagsgjald árlega og samþykkir iðkendagjöld deilda.

Aðalstjórn skal halda félagaskrá á stafrænu formi.

Aðeins lögráða félagar geta haft atkvæðarétt í félaginu.

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg. Hafi stjórnarmenn, sjálfboðaliðar, starfsmenn eða þjálfarar hætt störfum í þágu félagsins falla þeir af félagaskrá nema þeir greiði félagsgjald Aðalstjórn getur tekið félaga af félagaskrá vegna verulegra vanskila á greiðslu æfingagjalda eða félagsgjalda. Þá getur aðalstjórn víkið iðkanda úr starfi vegna verulegra vanskila á iðkendagjöldum.

6. gr.
Reikningsár
Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið.

7. gr.
Aðalfundur félagsins
Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málum þess og hefur einn vald til að breyta lögum þess.

Aðalfundur Gróttu skal haldinn eigi síðar en 1. maí ár hvert fyrir starfsárið næst á undan.

Aðalfund skal boða með minnst 14 daga fyrirvara. Tilkynning um hann skal þá birtast í miðlum félagsins. Jafnframt skal senda tilkynningu til starfandi deilda félagsins og til þess mælst að þær komi upplýsingum um fundinn áfram til félagsmanna og iðkenda.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins skal senda aðalstjórn eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, sem síðar koma fram ef 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna eru því samþykkir.

Rétt til setu á aðalfundi með tillögurétt og málfrelsi hafa allir félagar í félaginu.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa allir lögráða félagar í félaginu sbr. 5.gr.

Kjörgengi til stjórnarstarfa og annarra trúnaðarstarfa fyrir félagið hafa allir lögráða félagar, sem uppfyllt hafa skyldur sínar við félagið.

Á aðalfundi félagsins ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála, nema þegar um er að ræða tillögur til félagsslita sem fer eftir ákvæðum 19. gr. og tillögur um breytingar á samþykktum félagsins sem eftir ákvæðum 20. gr.
Kosningar skulu vera skriflegar sé þess óskað. Séu atkvæði jöfn skal kosning endurtekin. Verði atkvæði þá enn jöfn skal hlutkesti ráða.

8. gr.

Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Formaður félagsins setur fundinn.
2. Kosinn fundarstjóri
3. Kosinn fundarritari
4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
5. Aðalstjórn gefur skýrslu um starfsemi og framkvæmdir á liðnu starfsári.
6. Aðalstjórn gefur skýrslu um fjárhag félagsins og leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir liðið starfsár til samþykktar.
7. Aðalstjórn leggur fram rekstraráætlun næsta starfsárs.
8. Breytingar á samþykktum sbr. 20. gr.
9. Kosning formanns.
10. Kosning 4 stjórnarmanna.
11. Kosning 2 varamanna í stjórn.
12. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
13. Kosning 2 félagslegra skoðunarmanna.
14. Kosning þriggja einstaklinga í uppstillinganefnd.
15. Önnur mál.

Heimilt er að samþátta aðalfund félagsins með aðalfundum deilda félagsins á þann hátt að skýrsla aðalstjórnar og deilda sé flutt saman sem og reikningar aðalstjórnar og deilda.

Kosning í aðalstjórn og stjórnir deilda skal þó fara fram í sitthvoru lagi sem og samþykktir reikninga.
Ef aðalstjórn boðar ekki til lögboðins aðalfundar, skulu formenn deilda boða til aðalfundar innan tveggja mánaða.

9. gr.

Aukaaðalfundur félagsins, félagsfundur

Aukaaðalfund félagsins skal halda ef aðalstjórn telur þess þörf, eða ósk þar um berst frá a.m.k. 2 deildum félagsins. Aukaaðalfundur er lögmætur, ef til hans er boðað samkvæmt ákvæðum 7. greinar þessara laga. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur, nema lagabreytingar og stjórnarkosning getur ekki farið fram á aukaaðalfundi.

Aðalstjórn félagsins getur boðað til almenns félagsfundar telji aðalstjórn ástæðu til. Þá er aðalstjórn skylt að boða almennan félagsfund ef 30 félagsmenn eða fleiri krefjast þess. Fundarboð skal þá vera með sama hætti og til aðalfundar og skal tilefni fundarins tilgreint í fundarboði. Almennur félagsfundur er ályktunarbær um boðað fundarefni.

10. gr.

Aðalstjórn

Aðalstjórn Gróttu fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins og deilda þess milli aðalfunda. Aðalstjórn ber að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna.
Aðalstjórn Gróttu skal skipuð:

- Formanni kosinn beinni kosningu á aðalfundi til tveggja ára.
- Fjórum stjórnarmönnum sem kosnir eru beinni kosningu á aðalfundi, til tveggja ára. Skulu kjörtímabil þeirra víxlast með þeim hætti að kosið er um tvö sæti í aðalstjórn árlega.

- Einum fulltrúa frá hverri deild félagsins tilnefndum af stjórn viðkomandi deildar til eins árs í senn.
- Þá skulu kosnir árlega tveir varamenn í stjórn til eins árs.

Kosningar skulu vera skriflegar sé þess óskað. Séu atkvæði jöfn skal kosið að nýju, bundinni kosningu og fáist þá ekki úrslit skal varpa hlutkesti. Komi aðeins fram eitt framboð til stjórnarstarfs þá er sá sem tilgreindur er sjálfkjörinn.

Þeir sem eiga sæti í stjórnum íþróttadeilda félagsins og starfsmenn Gróttu, þar með taldir þjálfarar og leikmenn félagsins, eru ekki kjörgengir í aðalstjórn Gróttu. Það sama á við um þá sem eru stjórnarmenn, starfsmenn og þjálfarar annarra íþróttafélaga. Ákvæði þessi eiga þó ekki við þá stjórnarmenn sem tilnefndir eru að deildum félagsins.

Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund. Skipað skal í eftirtalin embætti:
- Varaformaður
- Gjaldkeri
- Ritari
- Meðstjórnandi

Tilnefning fulltrúa deilda.

Stjórnarmenn aðrir en tilnefndir fulltrúar deilda í aðalstjórn Gróttu skulu ekki gegna trúnaðarstörfum fyrir neina aðra einingu innan Gróttu.

Fulltrúar aðalstjórnar hafa rétt til að sitja alla fundi félagsins og deilda þess. Hafa aðalstjórnarmenn málfrelsi og tillögurétt á fundum deilda félagsins.

Stjórnarmenn í aðalstjórn Gróttu skulu ekki taka þátt í afgreiðslu mála er varða verulega persónulega hagsmuni þeirra.

Aðalstjórn félagsins er forsvari þess gagnvart ÍSÍ, UMFÍ, UMSK, bæjarstjórn Seltjarnarness, öðrum opinberum yfirvöldum og aðalstjórn annarra íþróttafélaga. Aðalstjórn skipar alla trúnaðarmenn félagsins í nefndir og ráð innan íþróttahreyfingarinnar, sem félagið á aðild að. Skal aðalstjórninni heimilt að kalla félagsmenn sér til aðstoðar og skipa starfsnefndir til sérstakra verkefna ef þurfa þykir s.s. til uppbyggingar félagssvæðis og íþróttamannvirkja, fjáraflana o.s.frv.

Verkefni aðalstjórnar eru auk ofangreinds eru m.a. ýmis stærri fjáröflunarverkefni, skipting styrkja bæjarins, lottógreiðslna og getrauna auk yfirumsjónar félagatals Gróttu.

Aðalstjórn ber ábyrgð á fjárreiðum deilda, hún setur deildum reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna og hefur eftirlit með starfsemi þeirra.

Lántökur deilda eru óheimilar nema með samþykki aðalstjórnar.

Leggja skal fjárhagsskuldbindingar s.s. samninga við styrktaraðila, leikmannasamninga og þjálfarasamninga deilda fyrir aðalstjórn til samþykktar.
Aðalstjórn hefur umráðarétt yfir öllum eigum félagsins og annast rekstur eigna þess.

Kaup, sala og veðsetning fasteigna félagsins er bundin samþykkt aðalstjórnar.

Enga fullnaðaráætlun getur aðalstjórn gert nema með samþykki meirihluta aðalstjórnarmanna.

Aðalstjórn skal að jafnaði halda fundi mánaðarlega og skal halda um þá sérstök gerðarbók. Fundargerðir aðalstjórnar skulu birtar á miðlum félagsins.

Meirihluti stjórnar félagsins ritar firma þess. Stjórn félagsins er heimilt að veita prókúruumboð og eru allar fjárskuldbindingar félagsins og deilda þess háðar samþykki prókúruhafa. Óheimilt er að skuldbinda félagið eða deildir þess með persónulegum ábyrgðum einstaklinga. Allar meiriháttar eða óvenjulegar ráðstafanir gerðar í nafni Gróttu eða deilda þess skulu bornar undir aðalstjórn fyrirfram til samþykktar.

11. gr.
Framkvæmdastjóri
Framkvæmdastjóri er ráðinn af aðalstjórn og starfar í umboði hennar.

Framkvæmdastjóri ræður allt annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem aðalstjórn hefur gefið. Hann hefur umsjón með gerð rekstraráætlana fyrir félagið og ber ábyrgð á framkvæmd þeirra. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá aðalstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana aðalstjórnar án verulegs tjóns fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal aðalstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Aðalstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

Framkvæmdastjóri skal bera önnur verkefni sín og/eða launuð störf, sem ótengd eru félaginu, undir aðalstjórn félagsins til samþykktar.

12. gr
Deildir Gróttu
Aðalstjórn félagsins skal sjá um stofnun nýrrar deildar innan félagsins. Skal aðalstjórn leggja rökstudda beiðni um það fyrir aðalfund. Heimili aðalfundur stofnun nýrrar deildar með samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal aðalstjórn sjá um að boða til stofnfundar, sem skal fara fram samkvæmt reglum um aðalfundi deilda, sbr. 14. grein.

Hver deild skal sjá um sig sjálf fjárhagslega. Bókhald deildar skal þó fært og varðveitt á skrifstofu félagsins. Hver deild hefur tekjur af árgjöldum, íþróttakeppnum og þeim fjáröflunum, sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn félagsins. Deildarstjóm íþróttadeildar skal leggja fram fjárhagsáætlun fyrir 10. október ár hvert fyrir starfsárið til aðalstjórnar.
Allar meiriháttar fjárhagslegar skuldbindingar deildar sem og alla leikmanna- og þjálfarasamninga ber að leggja fyrir aðalstjórn til samþykktar.

Aðalstjórn hefur á hverjum tíma rétt til að skoða bókhald og fjárreiður deildar. Í því skyni getur aðalstjórn tilnefnt sérstakan trúnaðarmann til slíkra verka, sem getur komið með fyrirmæli um úrbætur ef þurfa þykir. Afreksstarf og fjármögnun þess skal aðgreint sérstaklega í reikningum íþróttadeildar.

Eignir hverrar deildar teljast sameign félagsins og verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu vera í vörslu aðalstjórnar.

Hætti deild störfum renna eignir hennar tímabundið í vörslu aðalstjórnar. Hefjist starfsemi hennar ekki að nýju innan tveggja ára, ber að sækja um stofnun deildarinnar að nýju til aðalstjórnar. Taki deildin ekki til starfa að nýju innan fimm ára, renna eignir hennar endanlega í vörslu aðalstjórnar félagsins.

13.gr.
Stjórnir deilda Gróttu
Hver íþróttadeild félagsins hefur stjórn sem kosin er á aðalfund deildarinnar og sjálfstæðan fjárhag. Stjórnir íþróttadeildanna ráða þjálfara og ákveða laun þeirra.

Stjórn hverrar íþróttadeildar skipa fimm, sjö eða níu stjórnarmenn: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur og skulu þeir kosnir á aðalfundi deildanna til tveggja ára, formaður sérstaklega, en annars skiptir stjórn sjálf með sér verkum. Heimilt er að kjósa tvo varamenn.

Deildarstjórnir fara með daglegan rekstur deilda milli aðalfunda þeirra og hafa ákvörðunarvald í málefnum deildarinnar. Deildarstjórn ber ábyrgð á því gagnvart aðalstjórn að rekstur deildar og fjárreiður séu í samræmi við lög og reglur félagsins og landslög. Stjórn deildar ber að efla hana á allan hátt og gæta hagsmuna hennar í hvívetna.

Stjórnir deildanna ráða faglærða þjálfara og ákveða laun þeirra. Við ráðningu þjálfara til yngri flokka skulu deildir hafa til hliðsjónar stefnuyfirlýsingu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands um þjálfaramenntun. Ráðning skal staðfest af aðalstjórn.

14.gr.
Aðalfundir deilda
Fyrir 1. maí ár hvert skulu haldnir aðalfundir allra íþróttadeildanna.

Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir lögráða félagar, enda hafa þeir greitt lögbundin gjöld. Allir félagsmenn hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundum deildanna. Fundirnir skulu boðaðir opinberlega með minnst viku fyrirvara og eru lögmætir sé rétt til þeirra boðað. Jafnframt fundarboðum skal aðalstjórn tilkynnt um fundinn.

Dagskrá aðalfundar deilda skal vera:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Deildarstjórn gefur skýrslu um starfsemi á liðnu ári.
3. Deildarstjórn gefur skýrslu um fjármál deildarinnar og leggur fram endurskoðaða reikninga.
4. Kosning deildarstjórnar
    a. Formaður
    b. Meðstjómendur
    c. Varamenn kosnir
5. Önnur mál

Að loknum aðalfundi skal deildarstjórn tilkynna aðalstjórn skriflega hverjir kjörnir hafa verið í stjórn deildarinnar, heimilisföng, netföng og símanúmer. Einnig skal þá afhenda aðalstjórn skýrslu um starfsemi deildarinnar og endurskoðaða reikninga, hafi það ekki verið gert áður. Þessi gögn skulu hafa borist aðalstjórn eigi síðar en fjórtán dögum fyrir aðalfund félagsins.

15.gr.
Vanræksla
Vanræki einhver deild að halda aðalfund á tilsettum tíma skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

16. gr.
Uppstillingarnefnd
Þriggja manna uppstillingarnefnd skal kosin á aðalfundi Gróttu og starfar hún milli aðalfunda.

